


IS Notkunarleiðbeiningar System Bora Classic 2.0

Gufugleypir og helluborð



C2XUMIS-004

Notkunarleiðbeiningar:

Frumútgáfa

Þýðing

Framleiðandi

BORA Vertriebs GmbH & Co KG

Innstraße 1
6342 Niederndorf
Austurríki

Tengiliðaupplýsingar
Sími +43 (0) 5373/62250-0
mail@bora.com
www.bora.com

Dreifing og fjölföldun þessa skjals, sem og notkun og birting á efni þess, er bönnuð nema sérstaklega hafi verið fengið leyfi til þess.

Mikillar vandvirkni var gætt við gerð þessara notkunar- og uppsetningarleiðbeininga. Þrátt fyrir það getur komið fyrir að tæknilegar breytingar eða aðlaganir í hugbúnaði eftir á hafi ekki verið uppfærðar eða viðkomandi innihald hefur ekki verið aðlagð ennþá. Við biðjumst velvirðingar ef svo er. Hægt er að panta nýjustu útgáfu skjalsins hjá þjónustudeild BORA. Með fyrirvara um prentvillur og villur.

© BORA Vertriebs GmbH & Co KG

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1	Almennt	5	5.1.3	Valmyndaratriði J:Velja siugerð (aðeins í loftringrás)	30
1.1	Markhópur	5	5.1.4	Valmyndaratriði L:Stilling viftu	30
1.2	Gildistími	5	5.1.5	Ljúka við grunnstillingu	31
1.3	Önnur skjöl sem eiga við	5			
1.4	Gagnavernd	5			
1.5	Framsetning upplýsinga	6			
2	Öryggi	7	6	Notkun	32
2.1	Almennar öryggisupplýsingar	7	6.1	Almennar og sértækar notkunarábendingar.....	32
2.2	Öryggisábendingar notkun eldunarhellna.....	8	6.1.1	Sérstakar notkunarleiðbeiningar fyrir Tepan-Ryðfría-Stál-Grillið CKT.....	32
2.3	Öryggisábendingar varðandi notkun gufugleypisins.....	10	6.1.2	Sérstakar notkunarleiðbeiningar fyrir Gas-Keramík-Helluborðið CKG.....	32
2.4	Öryggisábendingar varðandi þrif og umhirðu.....	11	6.2	Snerti-stýring.....	34
2.5	Öryggisleiðbeiningar fyrir varahluti.....	11	6.3	Notkun kerfisins	34
2.6	Viðeigandi notkun.....	12	6.3.1	Meginatriði í stýringu.....	34
			6.3.2	Kveikja.....	34
			6.3.3	Slökkva.....	34
			6.3.4	Stýrilæsing	35
3	Orkumerkingar	13	6.3.5	Prifalæsing (afþurrkunar-aðgerð).....	35
			6.3.6	Barnalæsing	35
4	Lýsing á tækinu	14	6.3.7	Viðvörunarklukka (eggjaklukka)	35
4.1	System Bora Classic 2.0	14	6.4	Notkun gufugleypisins	35
4.1.1	Stjórnborð og notkunarreglur	14	6.4.1	Stilla viftu-styrkleikaprep.....	36
4.1.2	Tákn	15	6.4.2	Kraftþrep fyrir viftu.....	36
4.1.3	7-hluta skjámynd.....	16	6.4.3	Sogsjálfvirkni.....	36
4.1.4	Litir, heildarhugmynd.....	16	6.4.4	Slökkt á viftu	36
4.1.5	Ljósstyrkur	16	6.4.5	Gera framhaldssjálfvirknina óvirka á undan áætluðum tíma	36
4.1.6	Hljóð í meginatriðum.....	17	6.5	Nota helluborðið.....	36
4.1.7	Kerfis-aðgerðir.....	17	6.5.1	Velja eldunarsvæði	37
4.2	Gufugleypir	17	6.5.2	Stilla styrkleikaprep í eldunarsvæði.....	37
4.2.1	Gerðarlýsing	17	6.5.3	Slökkt á eldunarsvæði.....	38
4.2.2	Uppsetningargerðir.....	17	6.5.4	Sjálfvirk suða.....	38
4.2.3	Eiginleikar og yfirlit aðgerða	18	6.5.5	Kraftþrep	38
4.2.4	Uppbygging	18	6.5.6	Tveggja-hringja-tenging í borðhellum CKCH og CKCB.....	39
4.2.5	Aðgerðir gufugleypisins	18	6.5.7	Brúaraðgerð.....	39
4.2.6	USB-tengi	19	6.5.8	Stilling til að halda heitu.....	40
4.2.7	Tengi fyrir ytri tæki.....	19	6.5.9	Hreinsunaraðgerðin á CKT Tepan-grillinu úr ryðfrýju stáli	40
4.3	Helluborð.....	19	6.5.10	Eldunarsvæðatímastillir	40
4.3.1	Gerðarlýsing	19	6.5.11	Biðstöðuaðgerð	41
4.3.2	Eiginleikar og yfirlit aðgerða	19			
4.3.3	Uppbygging	20	7	Valmynd	42
4.3.4	Meginatriði span-helluborða (CKFI, CKI, CKIW)	23	7.1	Valmyndaryfirlit	42
4.3.5	Aðgerðir í meginatriðum Hyper- og HiLight-helluborð (CKCH, CKCB)	24	7.2	Stjórna valmynd	42
4.3.6	Aðgerðir í meginatriðum á Gas-Keramík-helluborði CKG	25	7.3	Stöðluð valmyndaratriði	43
4.3.7	Aðgerðir í meginatriðum á Tepan-Ryðfría-Stál-Grilli CKT	26	7.3.1	Valmyndarliður 1: Hljóðstyrkur hljóðmerkja	43
4.3.8	Aðgerðir eldunarsvæða	26	7.3.2	Valmyndarliður 2: Barnalæsing.....	43
4.4	Öryggisbúnaður	27	7.3.3	Valmyndarliður 3: Sjálfvirk sogstýring.....	44
4.4.1	Stýrilæsing	27	7.3.4	Valmyndarliður 4: Tímalengd þrifalæsingar (afþurrkunar-aðgerð)	44
4.4.2	Prifalæsing (afþurrkunar-aðgerð).....	27	7.3.5	Valmyndarliður 5: Tímalengd framhaldsvirkni.....	44
4.4.3	Öryggisútsláttur.....	28	7.3.6	Valmyndarliður 6: Athuga útgáfu hugbúnaðar	45
4.4.4	Afgangshitabirting	28	7.3.7	Valmyndarliður 7: Athuga útgáfu vélbúnaðar	45
4.4.5	Ofhitunarvörn	28	7.3.8	Valmyndarliður 8: Uppfærsla á kerfishugbúnaði.....	45
4.4.6	Barnalæsing	28	7.3.9	Valmyndarliður 9: Úttaka gagna.....	46
5	Fyrsta notkun	29	7.3.10	Valmyndarliður A: Birta endingartíma loftringrásarsíunnar (aðeins við loftringrásarnotkun).....	47
5.1	Grunnstilling	29	7.3.11	Valmyndarliður B: Sýna siugerð, skipta um siugerð og endurstilla siuendingartíma (aðeins við loftringrásarnotkun).....	47
5.1.1	Útfæra grunnstillingu.....	29			
5.1.2	Valmyndaratriði Grunnstilling á gufugleypiskerfi	29			

8	Stækkuð valmynd	48
8.1	Stækkuð valmynd kölluð fram.....	48
8.2	Valmyndaatriði í stækkuðu valmyndinni.....	49
8.2.1	Valmyndarliður B: Sýna síugerð, skipta um síugerð og endurstilla síuendingartíma (aðeins við loftringrásarnotkun).....	49
8.2.2	Valmyndarliður D: Kynningarhamur.....	49
8.2.3	Valmyndapunktur E: Skjá- og hnappaprófun.....	50
8.2.4	Valmyndapunktur F: Endurstilling á verksmiðjustillingar.....	50
8.3	Gas-stillingarvalmynd.....	50
8.3.1	Valmyndaratriði P: GPU.....	51
8.3.2	Valmyndaratriði S: GAST.....	51
8.3.3	Valmyndaratriði T: GAS.....	52
9	Prif og umhirða	53
9.1	Hreinsiefni.....	53
9.2	Umhirða tækis.....	53
9.3	Prífa gleypiháf CKA2.....	53
9.3.1	Taka íhluti í sundur.....	53
9.3.2	Prif á íhlutunum.....	54
9.3.3	Ísetning íhlutanna.....	54
9.3.4	Skipta um loftringrásarsíu.....	54
9.4	Prífa helluborð.....	55
9.4.1	Prífa keramik (CKFI, CKI, CKIW, CKCH, CKGB, CKG).....	55
9.4.2	Hreinsa Tepan-Ryðfrítt-Stál-Grillyfirborðið (CKT).....	55
9.4.3	Hreinsun á íhlutum gashelluborðs CKG.....	56
10	Bilanir lagfærðar	58
11	Ábyrgð, tæknipjónusta, varahlutir, aukabúnaður	61
11.1	Framleiðsluábyrgð BORA.....	61
11.1.1	Framlenging á ábyrgð.....	61
11.2	Pjónusta.....	61
11.3	Varahlutir.....	61
11.4	Aukabúnaður.....	62
12	Tegundir merkisþjalda	63

1 Almennt

1.1 Markhópur

Þessar notkunarleiðbeiningar eru handa eftirfarandi markhópi:

Markhópur	Kröfur
Notendur	Börn eldri en 8 ára og einstaklingar með skerta líkamsgetu, skyngetu eða andlega getu og einstaklingar sem ekki hafa reynslu og/eða þekkingu mega nota vöruna, svo fremi sem þeir eru undir eftirliti aðila sem gætir öryggis þeirra eða að þeir hafi fengið tilsögn hjá viðkomandi aðila um örugga notkun tækisins og þeim hafi verið gerð skýr grein fyrir hættunum. Hafa skal eftirlit með börnum. Fylgja verður öllum öryggisleiðbeiningum og viðvörnum, sem og fyrirmælum í notkunarleiðbeiningunum.

Tafla 1.1 Markhópar

UPPLÝSINGAR	Fyrirtækin BORA Holding GmbH, BORA Vertriebs GmbH & Co KG, BORA APAC Pty Ltd sem og BORA Lüftungstechnik GmbH – hér eftir nefnd BORA – eru ekki ábyrg fyrir tjóni sem rekja má til þess að farið er á skjön, að hluta eða að öllu leyti, við þessi skjöl og við óviðeigandi uppsetningu! Ófrjávíkjanlegt er að viðurkenndir fagaðilar annist allar tengingar við rafmagn og gas. Við uppsetningu verður ávallt að fylgja gildandi stöðlum, reglum og lögum. Fylgja verður öllum öryggisleiðbeiningum og viðvörnum, sem og fyrirmælum í notkunar- og uppsetningarleiðbeiningunum.
--------------------	--

1.2 Gildistími

UPPLÝSINGAR Þessi handbók lýsir kerfinu BORA Classic 2.0 með 03.00 hugbúnaðarútgáfunni.

Þessar leiðbeiningar eiga við fyrir mismunandi gerðir tækja. Af þessum sökum getur verið að einstaka lýsingar á útbúnaði eigi ekki við um tækið þitt. Myndirnar sem birtar eru, eru eingöngu til almennrar útskýringar og geta frávik hvað smáatriði varðar verið til staðar allt eftir tegundagerð.

1.3 Önnur skjöl sem eiga við

Með þessum leiðbeiningum eru frekari skjöl gild og verður að fylgja þeim, sérstaklega uppsetningarleiðbeiningar á System Bora Classic 2.0.

Lesið öll skjöl sem fylgja með tækinu og fara eftir því sem þar kemur fram.

UPPLÝSINGAR BORA ber enga ábyrgð á tjóni sem hlýst af því að þessum skjölum er ekki fylgt!

Tilskipanir

Tækin mæta eftirfarandi ESB-reglugerðum:
 Tilskipun 2014/30/ESB um rafsegulsviðssamhæfi
 Tilskipun 2014/35/ESB um lágspennu
 Tilskipun 2009/125/EB um vishönnun
 Tilskipun 2011/65/ESB um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum

Reglugerðir

Gastæki mæta eftirfarandi ESB reglugerðum:
 Tilskipun ESB 2016/426 um gastæki

1.4 Gagnavernd

Gufugleypir þinn geymir meðan á notkun stendur undir gervinafni gögn, eins og til dæmis stillingar í valmynd, notkunartíma einstakra tæknilegra eininga og fjöldi þeirra stillinga sem notaður er. Þar fyrir utan skrásetur gufugleypirinn mistök í samsetningu við fjölda notkunarstunda.

Gögnin er eingöngu hægt að lesa með handvirkum hætti og er sú ákvörðun því undir þér komið.

Hin geymdu gögn gera þá mögulegt að veita skjóta gallaleit og lausnir þegar þjónusta er þörf.

1.5 Framsetning upplýsinga

Svo lesendur geti notað leiðbeiningarnar hratt og örugglega er notkun útlits, tölusetningar, tákna, öryggisleiðbeininga, hugtaka og skammstafana með samræmdum hætti.

Leiðbeiningar um aðgerðir eru auðkenndar með ör.

- ▶ Fylgja skal öllum leiðbeiningum í þeirri röð sem þær koma fyrir.

Upptalningar eru merktar með ferköntuðu upptalningarmerki við upphaf línu.

- Upptalning 1
- Upptalning 2

UPPLÝSINGAR Upplýsingar sem vísa á sérstök atriði sem verður skilyrðislaust að fara eftir.

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir í þessum leiðbeiningum eru auðkenndar með táknum og viðvörunarorðum.

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir eru settar fram á eftirfarandi hátt:

**VIÐVÖRUNARMERKI OG
VIÐVÖRUNARORÐ!**
Tegund og orsök hættu
Afleiðingar ef leiðbeiningum er ekki fylgt
▶ Ráðstafanir til að forðast hættu

Þar gildir:

- Viðvörunarmerkið vekur athygli á hættunni.
- Viðvörunarorðið gefur til kynna hversu mikil hættu er á ferðum.

Viðvörunarmerki	Viðvörunarorð	Áhætta
	Hætta	Bendir á bráða hættu sem leiðir til dauða eða alvarlegra slysa ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
	Viðvörun	Bendir á mögulega hættu sem getur leitt til dauða eða alvarlegra slysa ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
	Varúð	Bendir á mögulega hættu sem getur leitt til óverulegra eða vægra áverka ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
–	Varúð	Bendir á aðstæður sem geta leitt til eignatjóns ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.

Tafla 1.2 Merking viðvörunarmerkja og viðvörunarorða

2 Öryggi

2.1 Almennar öryggisupplýsingar

UPPLÝSINGAR Þetta tæki uppfyllir lögboðnar öryggiskröfur. Notandi er ábyrgur fyrir þrifum á tækinu, umhirðu þess og því að öryggis sé gætt við notkun. Röng notkun getur haft í för með sér líkams- og eignatjón.

- Leiðbeiningar um notkun og uppsetningu innihalda mikilvægar upplýsingar varðandi uppsetninguna og notkunina. Með því að fylgja þeim má koma í veg fyrir líkamsáverka og skemmdir á tækinu. Á bakhliðinni má finna tengiliðaupplýsingar fyrir frekari upplýsingar með tilliti til spurninga varðandi notagildi og notkun.
- Hugtakið tæki er hér notað um helluborð, gufugleypa sem og um helluborð með gufugleypi.
 - ▶ Lesið leiðbeiningar um notkun og uppsetningu til fulls, áður en tækið er tekið í notkun.
 - ▶ Geymið notkunar- sem og uppsetningarleiðbeiningarnar alltaf á handhægum stað, þannig að þær séu til staðar þegar þörf er á þeim.
 - ▶ Ef þú selur tækið skaltu afhenda nýjum eiganda leiðbeiningarnar að uppsetningu og notkun.
 - ▶ Sýnið fyllstu aðgát og samviskusemi við alla vinnu.
 - ▶ Athugið hvort sýnilegar skemmdir eru á tækinu þegar það er tekið úr umbúðunum.
 - ▶ Ekki setja skemmt tæki í samband.
 - ▶ Aðeins skal setja tækið í samband eftir uppsetningu lagnakerfis eða tengingu lofthringrásarsíunnar við rafmagnið.
 - ▶ Notið aðeins rafmagnstengisnúrurnar sem fylgja með.
 - ▶ Ekki má nota tækið fyrr en uppsetningu er að fullu lokið, því þá fyrst er hægt að tryggja öryggi við notkun.
 - ▶ Gætið þess að enginn snerti heitar hellur.
 - ▶ Ekki má setja neina hluti á stjórnborðið eða á loftinntaksstút gufugleypisins.
 - ▶ Slökkvið á tækinu eftir notkun.
 - ▶ Haldið gæludýrum fjarri tækinu.

VARÚÐ!

Slyshætta vegna hluta sem falla af tækinu!

Hlutir sem falla af tækinu, t.d. pottagrindur, stjórn tæki, lok eða fitusíur o.fl., geta valdið slysum.

- ▶ Íhlutir sem teknir eru úr tækinu skal ganga örugglega frá við hlið tækisins.
- ▶ Sjáið til þess að íhlutir sem teknir eru úr tækinu geti ekki fallið niður.

Óheimilar breytingar

Óheimilar breytingar geta leitt til þess að hætta stafi af tækinu.

- ▶ Ekki gera neinar breytingar á tækinu.

Heimili með börn og fólk með sérþarfir

- ▶ Börn eldri en 8 ára og einstaklingar með skerta líkamsgetu, skyngetu eða andlega getu og einstaklingar sem ekki hafa reynslu og/ eða þekkingu mega nota vöruna, svo fremi sem þeir eru undir eftirliti aðila sem gætir öryggis þeirra eða að þeir hafi fengið tilsögn hjá viðkomandi aðila um örugga notkun tækisins og þeim hafi verið gerð skýr grein fyrir hættunum.
- ▶ Hafið eftirlit með börnum nálægt tækinu.
- ▶ Börn mega ekki leika sér með tækið.
- Notið barnalæsinguna þannig að börn geti ekki sett tækið í gang án leyfis né geti breytt stillingum þess.
- ▶ Ekki geyma neina hluti sem gætu vakið áhuga barna í geymslurýmum fyrir ofan eða á bak við tækið. Annars geta börn freistast til þess að klifra upp á tækið.
- ▶ Haldiði börnum og öðru fólk fjarri heitum eldunarsvæðum.

Lofthringrásarnotkun

UPPLÝSINGAR Í hvert skipti sem er eldað er losaður viðbótarraki vegna eldunar út í loftrýmið.

UPPLÝSINGAR Við notkun með hringrásarlofti er aðeins lítil hluti raka fjarlægður úr gufu frá matseld.

- ▶ Þegar tækið er notað með hringrásarlofti skal sjá til þess að aðstreymsi fersks lofts sé nægilegt, t.d. með opnum glugga.

- ▶ Tryggið að eðlilegt og þægilegt loft sé í rýminu (45–60% rakastig í lofti), t.d. með því að opna náttúruleg loftop eða með því að nota heimilisloftræstikerfi.
- ▶ Eftir hverja notkun með loftringrás skal stilla gufugleypinn á lágan styrk í u.þ.b. 20 mínútur eða stilla hann á áframhaldandi sjálfvirkni.

2.2 Öryggisábendingar notkun eldunarhellna.

- ▶ Forðist að láta sjóða yfir.
- ▶ Gætið að afgangshitabirtingunni.
- ▶ Gangið úr skugga um að botn potta og panna og eldunarsvæðið séu hrein og þurr.
- ▶ Lyftið pottum og pönnum alltaf upp (ekki toga!) til að forðast rispur og slit á yfirborðsflötum.
- ▶ Ekki setja neina heita potta og pönnur á loftinntaksstútinn né stýrieiningu gufugleypisins.



HÆTTA! Eldhætta ef ekki er fylgst með helluborðinu!

- Olía og feiti getur hitnað hratt og kviknað getur í henni.
- ▶ Ekki má hita olíu eða feiti án eftirlits.
 - ▶ Aldrei skal reyna að slökkva brennandi olíu eða feiti með vatni.
 - ▶ Slökkvið á helluborðinu.
 - ▶ Kæfið eldinn, til dæmis með loki.



HÆTTA! Sprengihætta vegna eldfims vökva! Eldfimir vökvar í nágrenni við helluborð geta sprungið og leitt til alvarlegra áverka.

- ▶ Ekki geyma neina eldfima vökva nálægt helluborði.



HÆTTA! Hætta er á raflosti! Ef sprungur koma í keramikflötinn eða það kvarnast úr honum getur rafeindabúnaðurinn þar fyrir neðan staðið berskjaldaður eða orðið fyrir skemmdum. Þetta getur haft í för með sér raflost.

- ▶ Slökkvið tafarlaust á helluborðinu ef sprungur koma í keramikflötinn eða það kvarnast úr honum.
- ▶ Rjúfið strauminn til tækisins á öruggan hátt með lekaliðum, öryggjum, sjálfvirkum straumrofum eða snertlum.



VIÐVÖRUN! Hætta er á að brenna sig á heitu helluborðinu!

Helluborðið og snertanlegir hlutar þess hitna við notkun. Þegar slökkt er á eldunarsvæði þarf það fyrst að ná að kólna niður fyrir 60 °C. Snerting við heita fleti getur leitt til alvarlegra brunasára.

- ▶ Snertið aldrei heitt helluborðið.
- ▶ Haldið börnum frá helluborðinu þegar það er heitt eða hafið stöðugt eftirlit með þeim.



VIÐVÖRUN! Meðan að rafmagnslaust er eða þar á eftir geta helluborð enn verið heit!

Ef rafmagnslaust er getur helluborð sem þar áður var í notkun enn verið heitt, þó að enginn afgangshiti sé sýndur.

- ▶ Ekki snerta helluborðið, svo lengi sem það er enn heitt.
- ▶ Haldið börnum fjarri heitum helluborðum.



VIÐVÖRUN! Eldhætta vegna hluta á hellum!

Helluborðið og snertanlegir hlutar þess eru heitir á meðan kveikt er á hellum og á meðan þær eru að kólna. Hlutar sem settir eru á helluborðið geta orðið heitir og kviknað getur í þeim.

- ▶ Ekki skilja neina hluti eftir á helluborðinu.



VIÐVÖRUN! Hætta er á að brenna sig á heitum hlutum!

Helluborðið og snertanlegir hlutar þess eru heitir á meðan kveikt er á helluborðinu og á meðan það er að kólna. Hlutar sem settir eru á helluborðið hitna mjög hratt og geta leitt til alvarlegra brunasára. Þetta á sérstaklega við um málmhluti (t.d. hnífa, gaffla, skeiðar, lok eða borðhelluyfirbreiðslur).

- ▶ Ekki skilja neina hluti eftir á helluborðinu.
- ▶ Notið viðeigandi hjálpartæki (pottaleppa, hitapolna hanska).

**VIÐVÖRUN!**

Hætta er á að brenna sig á heitum pottum og pönnum!

- Börn geta freistast til að taka í sköft sem standa út fyrir brúnir.
- ▶ Ekki snúa sköftum á pottum og pönnum þannig að þau standi út fyrir vinnuflötinn.
 - ▶ Sjáið til þess að börn geti ekki dregið niður heita potta og pönnur.
 - ▶ Notið viðeigandi helluborðsgrindur.
 - ▶ Ekki má nota óviðeigandi helluborðsgrindur (slyshætta).
 - ▶ Fáíð leiðbeiningar um val á viðeigandi helluborðsgrind hjá söluaðila eða þjónustudeild BORA.

**VIÐVÖRUN!**

Hætta er á að brenna sig!

- Vökvi milli hellu og botns á potti getur valdið brunasárum á húð við uppgufun.
- ▶ Gangið úr skugga um að hellan og botninn á pottinum séu ávallt þurr.

VARÚÐ!

Hætta er á skemmdum vegna harða og oddhvassra hluta!

- Harðir og oddhvassir hlutir geta skemmt keramikflötinn á helluborðinu.
- ▶ Notið helluborðið ekki sem vinnuborð.
 - ▶ Ekki má nota harða og oddhvassa hluti þegar unnið er á helluborðinu.

VARÚÐ!

Skemmdir vegna matar sem inniheldur sykur og salt.

- Matur sem inniheldur sykur og salt sem og ávaxtasafar á heitri hellu geta valdið skemmdum á hellunni.
- ▶ Gætið þess að hvorki matur með sykri og salti né ávaxtasafar fari á heita helluna.
 - ▶ Fjarlægið mat sem inniheldur sykur og salt sem og ávaxtasafa strax frá heitri hellunni.

VARÚÐ!

Heitur vökvi getur sloppið út!

- Ef ekki er fylgst með suðunni getur soðið upp úr og heitur vökvi sloppið út.
- ▶ Fylgjast verður með suðunni.
 - ▶ Þegar um stutta suðu er að ræða verður að fylgjast stöðugt með.

VARÚÐ!

Skemmdir vegna hluta á helluborðinu!

- Hlutir eins og t.d. lok af pottum sem lögð eru á helluborðið geta valdið skemmdum á keramikfletinum.
- ▶ Ekki setja neina hluti á heitt helluborðið.

2.2.1 Sérstakar öryggisábendingar fyrir spanhellur.

- ▶ Ekki skal treysta á pottaskynjarann.

Áhrif á hjartagangráða, heyrnartæki og ígræðslur úr málmum**UPPLÝSINGAR**

Spanhelluborð mynda hátíðnirafsegulsvið á hellusvæðunum. Þegar farið er mjög nálægt hellunum geta hjartagangráðar, heyrnartæki eða ígræðslur úr málmum orðið fyrir neikvæðum áhrifum eða truflunum. Truflanir í hjartagangráði eru ólíklegar.

- ▶ Ef vafi leikur á um þetta atriði skal hafa samband við framleiðanda lækningatækisins eða lækni.

2.2.2 Sérstakar öryggisábendingar varðandi gashellur.

- ▶ Notið tækið ekki til þess að hita upp hýbýli.
- ▶ Ekki nota né geyma eldfim efni nálægt tækinu.

**HÆTTA!**

Sprenghætta vegna gass!

- Gasleki getur valdið sprengingu og alvarlegum meiðslum.
- ▶ Haldið kveikjugjöfum (opnum eldi, geislahiturum) í öruggri fjarlægð.
 - ▶ Lokið fyrir gasinntakið og sláið út örygginu í heimilisrafmagnstöflunni.

**HÆTTA!****Köfnunarhætta vegna gass!**

Gasleki getur valdið köfnun.

- ▶ Ef vart verður við gaslykt meðan á notkun stendur skal slökkva á tækinu strax.
- ▶ Lokið strax fyrir gasinntakið.
- ▶ Sjáið til þess að ferskt loft flæði inn (opnið hurðir og glugga).
- ▶ Ekki nota neina ljósarofa né rofa á tækjum.
- ▶ Ekki draga klær úr innstungum (hætta er á neistamyndun).
- ▶ Ekki nota nein rafmagnstæki.
- ▶ Hafið tafarlaust samband við notendapjónustu eða uppsetningaraðila gaskerfisins.

**HÆTTA!****Eldhætta vegna opins elds!**

Opinn eldur getur kveikt í eldfimum hlutum.

- ▶ Stilla skal gaslogann á lægstu stillingu þegar taka á potta eða pönnur af hellum í stutta stund.
- ▶ Skiljið opinn eld aldrei eftir án eftirlits.
- ▶ Slökkvið eld, t.d. með loki eða eldvarnarteppi.
- ▶ Lokið fyrir gasinntakið og sláið út örygginu í heimilisrafmagnstöflunni.

VARÚÐ!

Hætta er á meiðslum ef sprungur eða rifur koma í keramikflötinn eða ef það kvarnast úr honum!

Skemmdur keramikflötur getur leitt til áverka.

- ▶ Ekki snerta yfirborð tækisins.
- ▶ Slökkvið tafarlaust á öllum brennurum og rafknúnum hitaelementum.
- ▶ Rjúfið strauminn til tækisins á öruggan hátt með lekaliðum, öryggjum, sjálfvirkum straumrofum eða snertlum.
- ▶ Ekki nota tækið.

**VIÐVÖRUN!****Hætta á brunasárum þegar gufugleypirinn er heitur!**

Gufugleypirinn og snertanlegir hlutar hans (einkum lokið, fitusían úr stáli og fitusíulíatið) verða heit þegar þau eru notuð með gashelluborðinu. Þegar slökkt er á gashelluborðinu þarf það fyrst að ná að kólna niður fyrir 60 °C. Snerting við heita fleti getur leitt til alvarlegra brunasára.

- ▶ Ekki snerta heitan gufugleypinn.
- ▶ Haldið börnum frá gufugleypinum þegar hann er heitur eða hafið stöðugt eftirlit með þeim.

2.3 Öryggisáþendingar varðandi notkun gufugleypisins.

- ▶ Notið gufugleypinn eingöngu með BORA-helluborðum. Þetta á einkum við um notkun með BORA-gashelluborðum.
- ▶ Ekki má setja neina heita potta og pönnur nálægt stjórnborðinu svo rafeindabúnaðurinn þar undir skemmist ekki.

**HÆTTA!****Lífshætta vegna reykeitrunar!**

Við notkun á eldstæði sem tekur inn loft úr rýminu verða til brunaloftegundir.

Ef gufugleypirinn er notaður ásamt eldstæði sem tekur inn loft úr rýminu getur hann dregið eitraðar brunaloftegundir (kolmónoxíð) úr reyk háfnum eða útblásturslögninni og inn í herbergið.

- ▶ Gætið þess að næg loftræsting sé alltaf fyrir hendi.

**HÆTTA!****Eldhætta vegna eldsteikingar!**

Á meðan gufugleypirinn er í gangi soga hann upp feiti frá matseldinni. Eldsteiking á mat getur leitt til þess að það kvikni í feiti.

- ▶ Þrífið gufugleypinn reglulega.
- ▶ Vinnið aldrei með opinn eld á meðan gufugleypirinn er í gangi.

**HÆTTA!****Eldhætta vegna uppsöfnunar á fitu!**

Ef fitusían úr stáli er ekki hreinsuð reglulega getur fita safnast fyrir í henni. Það eykur eldhættu.

- ▶ Hreinsið og skiptið um síuna með reglulegu millibili.

**VIÐVÖRUN!****Slyshætta vegna hreyfingar á viftuhjóli!**

Hætta er á slysum þegar viftuhjólið snýst.

- ▶ Ekki má vera spenna á tækinu þegar það er sett upp.
- ▶ Tengið viftuna við lagnakerfið báðum megin áður en tækið er tekið í notkun.
- ▶ Gangið úr skugga um að inntaksstúturinn sé læstur áður en tækið er tekið í notkun.

**VARÚÐ!****Snertanlegir hlutir geta orðið heitir!**

Gufugleypirinn og snertanlegir hlutar hans eru heitir á meðan kveikt er á hellum og á meðan þær eru að kólna.

- ▶ Ekki skilja neina hluti eftir á helluborðinu.
- ▶ Notið viðeigandi hjálpartæki (pottaleppa, hitaþolna hanska).

VARÚÐ!**Skemmdir vegna hluta eða pappírs sem sogast inn!**

Litlir og léttir hlutir, eins og hreinsiklútar úr tauefni eða pappír, geta sogast inn í gufugleypinn. Það getur skemmt viftuna eða skert útblástursafköst.

- ▶ Ekki geyma neina hluti eða pappír á gufugleypinum.
- ▶ Notið gufugleypinn eingöngu með uppsettri fitusíu.

VARÚÐ!**Skemmdir vegna uppsöfnunar fitu og óhreininda!**

Uppsöfnun fitu og óhreininda getur orðið til þess að gufugleypirinn virki ekki rétt.

- ▶ Notið gufugleypinn aldrei án fitusíu úr stáli.

2.4 Öryggisábendingar varðandi þrif og umhirðu.

Hreinsa verður tækið reglulega. Óhreinindi geta leitt til skemmda, skertrar virkni eða til lyktarmengunar. Fjarlægjið öll óhreinindi strax.

- Börn mega ekki annast þrif og umhirðu nema þau séu þá undir stöðugri umsjón.
- ▶ Ekki má nota gufuhreinsi við þrif. Gufan getur valdið skammhlaupi í spennuleiðandi hlutum og orsakað skemmdir (sjá kaflann um Þrif og umhirðu).
- ▶ Gætið þess að ekkert vatn berist inn í tækið við þrif. Aðeins á að nota lítilla raka tusku. Úðið aldrei vatni á tækið. Ef vatn berst inn í tækið getur það valdið skemmdum!
- ▶ Hreinsið helluborð helst eftir hvert skipti sem eldað er.
- ▶ Hreinsið keramik-helluborð eingöngu í köldu ástandi (sjá kafla um þrif og umhirðu).
- ▶ Notið til þrifa á BORA Classic Tepan-Ryðfría-Stál-Grillinu CKT hreinsunarhaminn.
- ▶ Við þrif skal einungis nota hreinsiefni sem eru ekki hrjúf til að forðast rispur og slit á yfirborðsflötum.
- ▶ Komið í veg fyrir óhreinindi í loftunaropum undirskáps.

2.5 Öryggisleiðbeiningar fyrir varahluti**VIÐVÖRUN!**

Hætta er á meiðslum og skemmdum! Rangir íhlutir geta leitt til líkamsáverka eða skemmda á tækinu. Breytingar, viðbætur eða umbreytingar á tækinu geta stefnt öryggi í hættu.

- ▶ Aðeins má nota upprunalega varahluti við viðgerðir.

UPPLÝSINGAR Skemmda rafmagnssnúru verður að skipta út fyrir viðeigandi rafmagnssnúru. Þetta má aðeins eiga sér stað gegnum viðurkenndan þjónustuaðila.

2.6 Viðeigandi notkun.

Tækið má ekki taka til notkunar í hæð yfir 2000 metrum (metrar yfir sjávarmáli).

Ábendingar varðandi gashellur:

Með hækkandi hæð yfir sjávarmáli dregur einnig úr afkastagetu brennara í hellunni.

Tækið er eingöngu ætlað til matreiðslu á heimilum.

Tækið er ekki ætlað til:

- notkunar utanhúss
- uppsetningar í ökutækjum
- upphitunar í herbergjum
- notkunar á stöðum sem eru ekki kyrrstæðir (t.d. á skipum)
- notkunar með ytri tímarofa eða aðskildum fjarstýringarbúnaði (fjarstýringu).

Öll önnur notkun en sú sem tilgreind er í þessum notkunar- og uppsetningarleiðbeiningum eða notkun sem gengur lengra en hér er lýst telst vera óviðeigandi. BORA ber ekki ábyrgð á skemmdum sem rekja má til óviðeigandi eða rangrar notkunar.

Öll misnotkun er óheimil!

UPPLÝSINGAR Fyrirtækin BORA Holding GmbH, BORA Vertriebs GmbH & Co KG, BORA APAC Pty Ltd og BORA Lüftungstechnik GmbH eru ekki ábyrg fyrir tjóni sem rekja má til þess að ekki er farið eftir öryggisleiðbeiningum og viðvörðunum.

3 Orkumerkingar

Vöruheiti		
BORA Classic gufugleypir CKA2		
Notkunarhamur	Útblástursloft	
Orkunotkun	Gildi	EN-staðall
Orkunotkun á ári (AEC_{hood})	30,7 kWh/a	61591
Orkunýtniflokkur	A+	61591
Afköst		
Straumafllræðileg afköst (FDE_{hood})	33,7 %	61591
Straumafllræðilegur afkastaflokkur	A	61591
Loftstreymi: Stig 1 lágmark	225,2 m ³ /klst.	61591
Loftstreymi 5 stig að hámarki	520,9 m ³ /klst.	61591
Loftflæði kraftþrep (Q_{wp})	565,5 m ³ /klst.	61591
Lýsing		
Lýsingarhagkvæmni (LE_{hood})	* lx/Watt	*
Lýsingarhagkvæmnisflokkur	*	*
Fituskiljun		
Stig 5 hámark (GFE_{hood})	96,5 %	61591
Hámarksstig flokks	A	61591
Hljóðafllstígg		
Prep 1 lágmark	41,6 dB(A)	60704-2-13
Prep 5 að hámarki	62,1 dB(A)	60704-2-13
Kraftþrep	63,8 dB(A)	60704-2-13
Hljóðþrýstistígg (viðbótarupplýsingar)		
Prep 1 lágmark	28,9 dB(A)	**
Prep 5 að hámarki	49,4 dB(A)	**
Kraftþrep	51,1 dB(A)	**
Upplýsingar skv. 66/2014		
Inngangsafl þegar slökkt er á tækinu (P_o)	0,3 W	61591
Tímaaukningarstuðull	0,8	61591
Orkunýtnistuðull (EEL_{hood})	42	61591
Loftflæði við bestu afköst (Q_{BEP})	265,6 m ³ /klst.	61591
Loftstreymi Styrkleikaþrep (Q_{Max})	578,6 m ³ /klst.	61591
Þrýstingur við bestu afköst (P_{BEP})	480 Pa	61591
Innafl við bestu afköst (W_{BEP})	105,0 W	61591

Tafla 3.1 Upplýsingar um orkumerkingu samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 65/2014 og/eða 66/2014

* Þetta atriði á ekki við fyrir þessa vöru.

** Hljóðþrýstistígg var reiknað út í 1 m fjarlægð (hljóðþrýstingsmæling út frá fjarlægð) út frá hljóðafllstígg samkvæmt EN 60704-2-13.

4 Lýsing á tækinu

Fylgdu öllum öryggis- og viðvörðunarleiðbeiningum við hverja notkun (sjá kafla Öryggi).

4.1 System Bora Classic 2.0

- ▶ Notaðu alltaf nýjasta kerfishugbúnaðinn til að stjórna BORA Classic 2.0 kerfinu.

UPPLÝSINGAR Nýjasti hugbúnaðurinn er aðgengilegur á heimasíðu BORA (www.bora.com, Products, BORA Classic 2.0, BORA Classic cooktop extractor CKA2, Documents).

- ▶ Ef nauðsyn krefur skaltu framkvæma fyrirspurn um uppsetta hugbúnaðarútgáfu (sjá kafla Valmynd, fyrirspurn um hugbúnaðarútgáfuna).
- ▶ Ef nauðsyn krefur skal uppfæra kerfishugbúnaðinn (sjá kafla Valmynd, uppfæra kerfishugbúnaðinn).


4.1.1 Stjórnborð og notkunarreglur

UPPLÝSINGAR System Bora Classic 2.0 er stýrt gegnum stjórnborðið á CKA2 helluborðsgufugleypnum.


UPPLÝSINGAR Gegnum hvern helluborðsgufugleypi er hægt að stýra og nota 1 eða 2 helluborð.

UPPLÝSINGAR Notkunarreglum og aðgerðunum er nánar lýst í kaflanum Notkun.

Gufugleypinum og helluborðunum er stjórnað með miðlægu stjórnborði. Í stjórnborðinu eru rafrænir snertihnappar og vísar. Það kviknar á snertihöppunum um leið og þeir eru snertir með fingrum (snertisvæði).




Mynd 4.1 Miðlægt snerti-/sleðastjórnsvæði



Mynd 4.2 Snertisvæði

- [1] Kveikja/slökkva
- [2] Æðri aðgerðir
- [3] Val
- [4] Stilling Styrkleikapreps plús/mínus
- [5] Val á eldunarsvæði (4x)
- [6] Snertisleði (stilling styrkleikaprep)
- [7] Brúaraðgerð (2x)
- [8] Vifta
- [9] Eldunar-viðbótaraðgerðir og valmynd



Mynd 4.3 Birtingarsvæði

- [1] Fjölaðgerðabirting
- [2] Birting heitt eldunarsvæði eða afgangshitabirting (4x)
- [3] Birting eldunarsvæði (4x)
- [4] Brúaraðgerðavísir (2x)
- [5] Birting eldunarviðbótaraðgerðir (4x)

4.1.2 Tákn

Almenn tákn	Merking	Aðgerð/þýðing
	Straumhnappur	Kveikja/slökkva
	Biðhnappur	Virkja biðaðgerð/gera óvirka
	Prífahnappur	Virkja/afvirkja hreinsunarlæsing
	Ræsi-hnappur	Tímastilling ræst
	Eggjaklukkunnappur	Stilla skammtímaviðvörðun (eggjatími)
	Láshnappur	Stýrilæsing
	Sleði	Stilla gildi
	Plús-hnappur	Hækka gildi
	Mínus-hnappur	Minnka gildi
	Áfram-hnappur	Velja til hægri
	Aftur til baka-hnappur	Velja til vinstri
	Viftuhnappur	Gera sjálfvirkt sog virkt/óvirkt, gera framhaldsvirkni óvirka
	Valmyndarhnappur	Birta valmynd, loka valmynd

Eldunarsvæði - tákn	Merking	Aðgerð/þýðing
	Hitahringur-hnappur	2-hringja-tenging
	Tímastillingarhnappur	Stilla tímastillingu eldunarsvæðis
	Suðu-hnappur	Gera suðusjálfvirkni virka/óvirka
	Hnappur til að halda heitu	Virkja/afvirkja halda heitu virkni
	Brúar-hnappur	Gera brúarhnapp virkan/óvirkan
	Brúarbirting	Brúaraðgerð er virk
	Heit-birting	Eldunarsvæði er hitað eða er ennþá heitt.

Tafla 4.1 Merking birtra tákna (Icon)

4.1.3 7-hluta skjámynd

Fjölaðgerðabirting		Merking
Viftubirting	1-5	Styrkleikabrep
	P	Aflstilling
	R	Sogsjálvirkni
Fjölaðgerðabirting	t.d. 190°	Hitastigsbirting (aðeins í CKT)
	00:00:00	Afgangstími á tímastillingu eða eggjaklukku
	t.d. E 123	Villukóði
Eldunarsvæðabirting		Merking
Eldunarsvæðabirting	1-9	Styrkleikabrep
	P	Aflstilling
	-	Halda heitu stilling 1
	=	Halda heitu stilling 2
	≡	Halda heitu stilling 3
	□	Óvirkt
	H	Afgangshitavísir (slökkt er á eldunarsvæðinu en samt heitt)
	⌈	Príf (aðeins á Tepan-Ryðfrú-Stál-Grillinu CKT)
	E	Villur
Hreyfimyndir	▬ ▬ ▬	Greining pottar/pönnu (aðeins í spanhellum)
	□ □ □	Príf (aðeins á Tepan-Ryðfrú-Stál-Grillinu CKT)

Tafla 4.2 Merking 7-hluta skjámyndar

4.1.4 Litir, heildarhugmynd

UPPLÝSINGAR Að grunni til eru öll viftu-stillingarsvæði sett fram í bláum lit í stjórnborði og öll eldunarsvæða-stillingarsvið í rauðum lit. Fyrir aðgerðir og tilkynningar eru notaðir aðrir litir.

Útlistun á öllum litum í birtingum:

Birting	Vifta (gufugleypir)	Litur
	Sleði	Blár
	Plús/mínus	Blár
	Viftu-tákn/sjálvirkir sog	Blár
Birting	Eldunarsvæði	Litur
	Sleði	Rauður
	Plús/mínus	Rauður
	Eldunarsvæði heitt	Rautt merki
Birting	Aðgerðir	Litur
	Kveikja-/slökkva hreyfimynd	Ljósbrúnn
	Stilla tímastillinguna	Ljósbrúnn
Birting	Tilkynningar	Litur
	Viðvaranir	Appelsínugulur
	Villur	Rautt merki
	OK	Grænn

Tafla 4.3 Litur í birtingu

4.1.5 Ljósstyrkur


UPPLÝSINGAR Stjórnborðið hefur að geyma 4 mismunandi ljósstyrkleikastig. (100%, 75%, 50% og 0%).

UPPLÝSINGAR Í grundvallaratriðum aðlagar kerfið ljósstyrk að raunverulegum notkunaraðstæðum. Viðeigandi skjámyndir eru bjartari en þær sem ekki eru notaðar eru dekkri. Aðgerðir sem ekki eru í boði eru ekki sýndar.

Ljósstyrkur	Notkun
100%	Aðgerð er virk og valin
75%	Aðgerð er virk, en ekki valin
50%	Aðgerð er óvirk og óveljanleg
0%	Aðgerð er ekki í boði

Tafla 4.4 Ljósstyrkur

Dæmi:



Mynd 4.4 Meginatriði ljósstyrks í stjórnborði

[1] Virk og valkvæð aðgerð (bjartlýsandi, 75%)

[2] Óvirk, en valkvæð aðgerð (myrkvuð, 50%)

4.1.6 Hljóð í meginatriðum

UPPLÝSINGAR Hægt er að stilla hljóðstyrk hljóðmerkja í valmyndinni (10% til 100%).

UPPLÝSINGAR Hljóðmerki, sem tengjast öryggi, eru alltaf gefin með 100% hljóðstyrk.

Að grunni til greinir kerfið á milli þriggja mismunandi tegunda af hljóðmerkjum:

Hljóðmerki	Tilgangur
Stakur hljómur (0,25 sek.)	Staðfesting vals
Píp hljóðmerkisruna	Aðgerð nauðsynleg
Einn langur tónn (0,75 s)	Ljúka við aðgerð

Tafla 4.5 Hljóð í meginatriðum

4.1.7 Kerfis-aðgerðir

Viðvörðunarklukkan (eggjaklukkan)

Viðvörðunarklukkan gefur frá sér sjón- og hljóðmerki eftir að tíminn, sem notandinn hefur stillt, er liðinn og býður upp á aðgerðir venjulegrar eggjaklukkan.

4.2 Gufugleypir

UPPLÝSINGAR Gufugleypirinn CKA2 er miðlægi íhluturinn og inniheldur allan rafeindastýribúnað fyrir heildarkerfið BORA Classic 2.0 Notkun kerfisins, eða einstakra hluta þess, er ómöguleg án gufugleypisins.

4.2.1 Gerðarlýsing

Gerð	Löng lýsing
CKA2	BORA Classic gufugleypir sveigjanlegt kerfi með aðgreindri stýrieiningu, samþætтанlegt við Classic helluborð og fleiri BORA algilda-íhluti

Tafla 4.6 Gerðarlýsing

4.2.2 Uppsetningargerðir

Það fer eftir kaupákvörðun þinni hvort helluborðsgufugleypirinn þinn er fyrir útblástursloft eða loftringrás.



Notkun með loftúttaki

Uppsogaða loftið er hreinsað í fitusíunni og veitt aftur út í andrúmsloftið í gegnum lagnakerfið.

Ekki má veita útblástursloftinu í:

- reyk- eða útblástursstakk sem er í notkun
- stökk sem er til loftræstingar á uppsetningarstað eldstæðis.

Ef veita á útblásturslofti í reyk háf eða útblástursháf sem er ekki í notkun verður að fá viðurkenndan sótara til að gera úttekt á uppsetningunni og samþykka hana.

UPPLÝSINGAR Ef gufugleypirinn er tekinn í notkun í útblásturskerfi þá eru útblástursafköstin við stillingu á lágu styrkleikaþrepi aukin sjálfvirk í fyrstu 20 sekúndurnar (vegghólks-virkni).



Loftringrásarbúnaður

Uppsogaða loftið er hreinsað í fitusíunni og virkri kolefnasíunni og aftur leitt út í rými uppsetningarinnar.

Til að binda lykt við loftringrásina verður að nota lyktarsíu. Af heilnæmis- og heilbrigðisástæðum verður að skipta um hana með ráðlögðu millibili (sjá kaflann um þrif og umhirðu).

UPPLÝSINGAR Í loftringrásinni hefur loftið sem leitt er aftur í rýmið áhrif á gashelluborðið.

UPPLÝSINGAR Ef gufugleypirinn er tekinn í notkun í loftringrásarkerfi, þá er við stillingu á styrkleikaþrepi sjálfvirk notkunartíminn á loftringrásarsíunni dreginn frá endingartíma hennar. Eftirstandandi endingartíma síunnar er hægt að skoða í valmynd undir valmyndarlið A (sjá kafla um notkun).


4.2.3 Eiginleikar og yfirlit aðgerða

Eiginleikar	CKA2
Sjálfvirk viftugreining	✓
Rafeindastýrð styrkleikastilling	✓
Samskiptaviðmót	✓
Fyrirferðalítil fitusíueining	✓
Aðgerðir	
Sjálfvirk framhaldsvirkni	✓
Kraftþrep	✓
Sogsjálfvirkni	✓
Síupjónustubirting (lofthringrásarnotkun)	✓
Öryggisbúnaður	
Stýrilæsing	✓
Öryggisútsláttur	✓
Virkt villueftirlit	✓

Tafla 4.7 Eiginleikar og yfirlit aðgerða

4.2.4 Uppbygging

Gufugleypir CKA2



Mynd 4.5 BORA Classic gufugleypir CKA2

- [1] Inntaksstútur
- [2] Fitusíueining
- [3] Gufugleypir
- [4] Stýrieining

4.2.5 Aðgerðir gufugleypisins

Styrkleikastilling

Stilling á styrkleikaþrepum fer fram á stjórnborðinu með því að ýta á eða hreyfa Touch-sleðann. Að öðrum kosti er einnig hægt að stilla styrkleikaþrepin með snertisvæðunum **+** og **-** fyrir ofan og undir snertis-leðann.

Aflstilling fyrir sog

Ef kveikt er á aflstillingunni vinnur háfurinn á hámarksstyrk í ákveðinn tíma.

Með aflstillingunni er hægt að soga kraftmiklar eldunargufur hraðar í burtu. Eftir 10 mínútur stillist sjálfvirk kraftþrepið á styrkleikaþrep 5.

Sjálfvirk sogstýring

Afköstum gufugleypis er stjórnað sjálfkrafa, byggt á núverandi stillingum borðplötunnar. Ekki er þörf á að stilla viftuna handvirkt en þó er það alltaf hægt. Sogkrafturinn er alltaf stilltur sjálfvirk samkvæmt mesta styrkleikaþrepi sem notað er á eldunarsvæðum þeim sem í notkun eru.

Aðgerð	Styrkleikaþrep									
Eldunarstig	1	2	3	4	5	6	7	8	9	P
Soggeta	3	3	3	4	4	4	5	5	5	P

Tafla 4.8 Sogkraftur og styrkleikastilling

- Breyting á styrkleikastillingu eldunarsvæðis leiðir sjálfvirk til aðlögunar á sogkrafti eftir tímatöf sem nemur 20 sekúndum á spanhelluborðum og 30 sekúndur á öllum öðrum helluborðum.

Sjálfvirk framhaldsvirkni

Gufugleypirinn vinnur áfram á lágrí stillingu og slekkur sjálfkrafa á sér eftir fyrirframskilgreindan tíma.

Tími framhaldsvirkni er hægt að stilla í valmynd (10 til 30 mínútur). Framhaldsvirknin er verksmiðjustillt á 20 mínútur.

- Eftir að hætt er að nota gufugleypinn fer sjálfvirka framhaldsvirknin í gang.
- Þegar framhaldsvirkninni lýkur slekkur gufugleypirinn sjálfkrafa á sér.

UPPLÝSINGAR BORA mælir eindregið með að framhaldsvirkni helluborðsgufugleypsins sé notuð.

Þjónustubirting lofthringrásarsíu

Síupjónustubirtingin í gufugleypinum verður sjálfvirk virk, þegar endingartími virku kolefnasíunnar er liðinn (aðeins við lofthringrás).

- Ef gufugleypirinn er settur í gang og loftræstitákníð lýst upp í **S** gulum lit og birtir fjölaðgerðatákníð **I F I L E** þá er slíkt vísbending um að brátt er þörf á síuskiptum.
- Ef gufugleypirinn er settur í gang og loftræstitákníð lýst upp í **S** rauðum lit og ef villukóðinn **E F I L E** birtist í fjölaðgerðabirtingunni, þá er endingartími síunnar liðinn og skipta verður um síuna (sjá líka kaflann um þrif og umhirðu).

UPPLÝSINGAR Ef farið er fram yfir endingartíma virku kolefnasíunnar, getur verið að rétt notkun kerfisins verði skert. Þó að áfram sé hægt að nota gufugleypinn, þá falla niður allar ábyrgðir og ábyrgðarskuldbindingar á þessu tæki.

UPPLÝSINGAR Óháð síuþjónustutilkynningunni þurfa fitusíueiningar reglulega hreinsun (sjá kafla um hreinsun og umhirðu).

4.2.6 USB-tengi

UPPLÝSINGAR USB tengið er aðeins hannað fyrir uppfærslur eða til úttekta gagna og aðeins er séð fyrir straumi til þess í þeim tilgangi. Hleðsluaðgerðir eða aðrar aðgerðir eru ekki mögulegar.

Kerfið hefur yfir að ráða USB-tengi. Þetta USB tengi er aðeins hannað fyrir geymslutæki á miklum gögnum (USB lykla). Þessir USB lykklar verða að vera forsníðnir með FAT32-kerfisskrá.

4.2.7 Tengir fyrir ytri tæki.

Innra tengi á stýrieiningunni er hægt að nota til víðari stýrimöguleika. Það hefur innbyggt Home-In og Home-Out tengi (sjá kafla um uppsetningu).

- Þetta tengi Home-In er hægt að nota fyrir innkomandi merki frá ytri skiptibúnaði (t.d. gluggasnertirofa).
- Tengid Home-Out er hægt að nota til stýringar á ytri búnaði.

4.3 Helluborð

UPPLÝSINGAR Helluborðin CKFI, CKI, CKIW, CKCH, CKCB, CKG og CKT eru breytilegir íhlutir BORA Classic 2.0 kerfisins og er aðeins hægt að nota með CKA2 helluborðsgufugleypinum.

UPPLÝSINGAR Hvaða tæki er nákvæmlega innbyggt í kerfið þitt, má sjá á næstsíðustu blaðsíðu notkunarleiðbeininga (sjá kafla um tegundagerðir).

4.3.1 Gerðarlýsing

Gerð	Löng lýsing
CKFI	BORA Classic Span-keramik-helluborð með 2 eldunarsvæðum
CKI	BORA Classic Span-Keramik-helluborð með 2 eldunarsvæðum
CKIW	BORA Classic Span-keramik-Wok
CKCH	Bora Classic Hyper-keramik-helluborð með 2 eldunarsvæðum 1-hringur/2-hringir
CKCB	Bora Classic
CKG	Bora Classic
CKT	BORA Classic Tepan-Ryðfrítt-Stál-Grill með 2 eldunarsvæðum

Tafla 4.9 Gerðarlýsing

4.3.2 Eiginleikar og yfirlit aðgerða

BORA Classic helluborð hafa eftirfarandi eiginleika og aðgerðir:


Eiginleikar	CKFI	CKI	CKIW	CKCH	CKCB	CKT	CKG
Rafeindastýrð styrkleikastilling	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Kraftþrep	✓	✓	✓	✓*		✓	✓
Eggjaklukkan-aðgerð (skammtíma tímastilling)	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Kveikisjálfvirkni og endurtekin kveikisjálfvirkni							✓
Rafeindastýrt gas-stillikerfi (E-Gas-kerfi)							✓
Eldunaraðgerðir							
Sjálfvirk suða	✓	✓	✓	✓	✓		✓
Potta/pönnu skynjari	✓	✓	✓				
Halda heitu	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Brúaraðgerð	✓				✓	✓	
Tímastillingaraðgerð	✓	✓	✓	✓	✓		✓
Biðstöðuáðgerð	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
2-hringja-tenging (eldunarsvæði að aftan)				✓	✓		
Prifalæsing (afþurrkunaraðgerð)	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Prifa-aðgerð						✓	
Öryggisbúnaður							
Barnalæsing	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Afgangshitabirting	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Öryggisútsláttur	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Ofhitunarvörn	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓

Tafla 4.10 Aðgerðayfirlit


* á aðeins við fremra eldunarsvæði

4.3.3 Uppbygging

Helluborð CKFI




Mynd 4.6 BORA Classic helluborð CKFI




Mynd 4.7 Stærð eldunarsvæða

- [1] Span-eldunarsvæði framan til (svæði 1)
2100 W (kraftþrep 3680 W)
- [2] Span-eldunarsvæði aftan til (svæði 2)
2100 W (kraftþrep 3680 W)

Helluborð CKI




Mynd 4.8 BORA Classic helluborð CKI




Mynd 4.9 Stærð eldunarsvæða

- [1] Span-eldunarsvæði að framan til (svæði 1)
2300 W (kraftþrep 3680 W)
- [2] Span-eldunarsvæði að aftan til (svæði 2)
1400 W (kraftþrep 2200 W)

Helluborð CKIW




Mynd 4.10 BORA Classic helluborð CKIW




Mynd 4.11 Stærð eldunarsvæðis

- [1] Span-Wok-eldunarsvæði
2400 W (kraftþrep 3000 W)

Helluborð CKCH




Mynd 4.12 BORA Classic helluborð CKCH



Mynd 4.13 Stærð eldunarsvæða


- [1] Ofurstærð-eldunarsvæði að framan til (svæði 1)
2100 W (styrkleikaprep 3000 W)
[2] 2-svæða-eldunarsvæði að aftan til (svæði 2)
600 W (2-svæða-tenging 1600 W)

Helluborð CKCB




Mynd 4.14 BORA Classic helluborð CKCB

Helluborð CKG




Mynd 4.16 BORA Classic Gas-keramik-helluborð CKG



Mynd 4.15 Stærð eldunarsvæða


- [1] Eldunarsvæði að framan til (svæði 1)
1 600 W
- [2] Steikarpottur-eldunarsvæði
3 680 W
- [3] 2-svæða-eldunarsvæði að aftan til (svæði 2) 600 W
(2-svæða-tenging 1 600 W)




Mynd 4.17 Stærð eldunarsvæða

- [1] Háhitabrennari framan
3 000 W
- [2] Venjulegur brennari að aftan
2 000 W
- [3] Pottagrindur að aftan
- [4] Pottagrindur að framan

Helluborð CKT



Mynd 4.18 BORA Classic Teppan-Ryðfrítt-Stál-Grill CKT



Mynd 4.19 Stærð eldunarsvæða

- [1] Grillsvæði að framan (svæði 1)
1750 W
- [2] Grillsvæði að aftan (svæði 2)
1750 W

4.3.4 Meginatriði span-helluborða (CKFI, CKI, CKIW)

Undir spanhelli er spanspóla. Þegar kveikt er á eldunarsvæðinu skapar þessi spóla segulsvið sem virkar beint á pottbotninn og hitar hann. Hellan sjálf hitnar einungis óbeint vegna hitans sem potturinn gefur frá sér. Spanhellur virka aðeins ef sett eru á þær eldunaráhöld með botna sem hægt er að segulmagna. Spanhellan nemur sjálfkrafa stærð pottsins eða pönnunnar, sem sett er á hana, þ.e. hellan hitar aðeins flötinn undir pottinum.

- Gæta skal að lágmarkspvermáli botnsins á pottinum.

Styrkleikaprep

Mikið afl spanhelluborða gerir að verkum að eldunaráhöldin hitna mjög hratt. Til að forðast að maturinn brenni við er þörf á vissri aðlögun með tilliti til vals á styrkleikaprepum miðað við hefðbundnar eldavélar.

Verk	Styrkleikaprep
Bræða smjör og súkkulaði, leysa upp matarlím	1
Halda heitum sósum og súpum, bleyta hrísgrjón	1-3
Eldun á kartöflum, pasta, súpum, kássum, gufusjóðun á ávöxtum, grænmeti og fiski, þíðing á mat	2-6
Steiking í húðuðum pönnum, væg steiking (án ofhitunar á fitunni) á snitsel, fiski	6-7
Hitun fitu, sviða kjöt, eldun á sósum og súpum, bakstur á eggjakökum	7-8
Sjóðun stærra magns vökva, brúnun á steikum	9
Hita vatn	P

Tafla 4.11 Ráðlagðar hitastillingar

Upplýsingarnar í töflunni eru til viðmiðunar.

Mælt er með því að draga úr eða auka styrkinn eftir stærð eldhúsáhalda og innihaldsmagni.

Hentug eldunaráhöld

UPPLÝSINGAR Suðutímar, upphitunartími botns eldunaráhaldanna og útkoma eldunarinnar velta að verulegu leyti á uppbyggingu og gæði eldunaráhaldanna.



Eldunaráhöld með þessu merki henta fyrir spanhelluborð. Eldunaráhald sem notað er á spanhelli verður að vera úr málm, búa yfir segulmögnunareiginleikum og vera með nægilega stóran botn.

Hentug eldunaráhöld eru gerð úr:

- ryðfríu stáli með botni sem hægt er að segulmagna
- glerungshúðað stál
- steypujárni

Tæki	Eldunarsvæði	Lágmarkspvermál
CKFI	framan aftan	120 mm
		120 mm
CKI	framan aftan	120 mm
		90 mm
CKIW	Wok	210 mm

Tafla 4.12 Lágmarkspvermál fyrir eldhúsáhöld

UPPLÝSINGAR Fyrir Span-Wok-helluborð CKIW er BORA Span-Wok-pannan HIW1 kjörin til notkunar og er fánleg sem aukabúnaður.

- ▶ Gerið segulprófun ef á þarf að halda. Ef segull festist við botn borðbúnaðarins eru eldhúsahöldin venjulega spanhæf.
- ▶ Gætið að botni eldunaráhaldanna. Botn potta og panna má ekki hafa neinar bungur að neinu leyti (undantekning: WOK-helluborð (CKIW). Ef botninn er ekki sléttur getur verið að hitastigsvöktun helluborðsins virki ekki rétt og slíkt getur leitt til ofhitunar á pottinum/pönnunni. Á botni eldunaráhaldsins mega ekki vera hvassar raufar eða brúnir, þar sem slíkt getur rispað yfirborð helluborðsins.
- ▶ Setjið eldunaráhaldið (án undirleggs eða álíka) beint á keramikhelluna.

Hljóð

Pegar notaðar eru spanhellur getur hljóð myndast í eldhúsahöldunum, háð efni og botni þess.

- Suð getur heyrst við háa hitastillingu. Það minnkar eða hverfur ef hitastillingin er minnkuð.
- Botn pottsins eða pönnunnar getur gefið frá sér tif eða ýl því hann er úr mismunandi efnum (t.d. samlokubotn).
- Smellir geta heyrst við rafdrifnar skiptingar, einkum á lágri hitastillingu.
- Suð getur myndast ef kveikt er á kæliviftunni. Til að auka endingu rafeindatækninnar er helluborðið búið kæliviftu. Ef hellan er mikið notuð kviknar sjálfkrafa á kæliviftunni. Þá heyrst suð. Það getur verið að kæliviftan vinni áfram eftir að slökkt hefur verið á tækinu.

4.3.5 Aðgerðir í meginatriðum Hyper- og HiLight-helluborð (CKCH, CKCB)

Undir helluborði er geislahitari með hitastreng. Þegar kveikt er á eldunarsvæði, myndar hitastrengurinn hitageisla sem skína á eldunarsvæðið og botn pottsins og hita hann.

Styrkleikaprep

Verk	Styrkleikaprep
Bræða smjör og súkkulaði, leysa upp matarlím	1
Halda heitum sósum og súpum, bleyta hrísgrjón	1-3
Eldun á kartöflum, pasta, súpum, kássum, gufusjóðun á ávöxtum, grænmeti og fiski, þiðing á mat	2-6
Steiking í húðuðum pönnum, væg steiking (án ofhitunar á fitunni) á snitsel, fiski	6-7
Hitun fitu, sviða kjöt, eldun á sósum og súpum, bakstur á eggjakökum	7-8
Sjóða mikið magn af vökva, steikja steikur og hita vatn	9
Steikja steikur og hita vatn	P

Tafla 4.13 Ráðlagðar hitastillingar

Upplýsingarnar í töflunni eru til viðmiðunar.

Mælt er með því að draga úr eða auka styrkinn eftir stærð eldhúsahalda og innihaldsmagni.

Kraftþrep í helluborði CKCH

Eldunarsvæði að framan í Hyper-keramik-helluborðinu CKCH er útbúið með tímatakörkuðu kraftþrepi.

- Í stjórnborðsbirtingu birtist ^P

Með kraftþrepinu er hægt að hita mikið magn af vatni á stuttum tíma. Ef kveikt er á kraftþrepinu, þá vinnur eldunarsvæðið með enn meira afli. Eftir 10 mínútur er eldunarsvæðið stillt sjálfkrafa aftur niður á styrkleikastillingu ⁹.

Viðeigandi pottar/pönnur

UPPLÝSINGAR Suðutímar, upphitunartími botns eldunaráhaldanna og útkoma eldunarinnar velta að verulegu leyti á uppbyggingu og gæði eldunaráhaldanna.



Eldunaráhöld með þessu merki henta fyrir geislahita. Eldunaráhald sem notað er á geislahitandi yfirborðsflati verður að vera úr málm og leiða varma vel.

Hentug eldunaráhöld eru gerð úr:

- ryðfríu stáli, kopar eða áli
- glerungshúðað stál
- steypujárni

- ▶ Gætið að botni eldunaráhaldanna. Engar bungur mega vera á botni eldunaráhaldsins. Ef botninn er ekki sléttur getur verið að hitastigsvöktun helluborðsins virki ekki rétt og slíkt getur leitt til ofhitunar á pottinum/pönnunni. Á botni eldunaráhaldsins mega ekki vera hvassar raufar eða brúnir, þar sem slíkt getur rispað yfirborð helluborðsins.
- ▶ Setjið eldunaráhaldið (án undirleggs eða álíka) beint á keramikhelluna.

4.3.6 Aðgerðir í meginatriðum á Gas-Keramik-helluborði CKG

UPPLÝSINGAR Helluborðið hefur að geyma sjálfvirka kveikingu.

Ef kveikt er á eldunarsvæði, þá myndar gasloginn hita sem hitar beint botn pottsins/pönnunnar. Stilling gaslogans á sér stað með hárnákvæmu rafeindastýrðu gas-stillikerfi (E-Gas-Kerfi). Meðan annars er hreyfiliði notaður á hverjum gasbrennara til nákvæmrar stillingar. Þessir hreyfiliðar stilla sig af sjálfir, af og til, og þá heyrast dæmigerð suðhljóð sem eru fullkomlega eðlileg og eru ekki galli.

Kostur hins rafeindastýrða gas-stillikerfis felst í bestun og endursköpun styrkleikastillingar, þ.e.a.s. valin styrkleikastilling er nákvæmlega eins í hvert skipti sem eldað er. Ennfremur er hægt að skapa hreina, stöðugt vaxandi logamyndun fyrir hvert styrkleikastig. Þar fyrir utan á sér stað, ef nauðsynlegt, sjálfvirk endurkveiking.

Styrkleikaþrep

Styrkleikastillingar eiga sér stað með styrkleikaþrepum 1 – 9 og P. Styrkurinn á gas-helluborði leiðir til hraðrar hitunar á mat. Til að forðast að maturinn brenni við er þörf á vissri aðlögun með tilliti til vals á styrkleikaþrepum miðað við hefðbundnar eldavélar.

Verk	Styrkleikaþrep
Halda heitum tilbúnum mat	1-2
Steikja skorið grænmeti, steikt egg, kálfakjöt, fuglakjöt	3-5
Steikja rækjur, maískólfar og snitsel, nautakjöt, fiskur, kjötbollur	5-7
Sjóðun stærra magns vökva, brúnun á steikum	8-9
Hita vatn	P

Tafla 4.14 Ráðlagðar hitastillingar

Upplýsingarnar í töflunni eru til viðmiðunar.

■ Valmyndin er kölluð fram og fyrsti valmyndarliður er birtur (litarhamur „ljósbrúnn“)

Enda valmynd

► Valmyndarhnappi haldið lengi niðri 

■ Valmynd lokast og sjálfgefni skjárinn birtist.


Valmynd val

► Snertu  eða  ftil að skipta yfir í óskað valmyndaratriði.

■ Ef þú hefur valið valmyndaratriði, breytist birtingin sjálfkrafa eftir 2 sekúndur yfir á innstillt gildi.

Skýringarmynd

UPPLÝSINGAR Til hjálpar sýnir valmyndin fyrir hvert valmyndaratriði fjölda veljanlegra stillinga (1 – 3).



Mynd 7.1 Skýringarmynd um valmöguleikana

Staðfesta valmyndarstillingar og vista

- ▶ Touch á **>** eða **<**

eða


- ▶ Valmyndarhnappi haldið lengi niðri **☰**

- Kerfið tekur yfir og vistar stillt gildi sjálfvirkt við skipti yfir á annað valmyndaratriði, eða þegar valmynd er yfirgefin.

7.3 Stöðluð valmyndaratriði

7.3.1 Valmyndarliður 1: Hljóðstyrkur hljóðmerkja

UPPLÝSINGAR Núverandi valinn hljóðstyrkur er birtur eftir að kallað hefur verið fram valmyndaratriðið í 7-hluta-birtingunni fyrir ofan sleðann.



Mynd 7.2 Valmyndarliður 1: Hljóðstyrkur hljóðmerkja

Stilla hljóðstyrk hljóðmerkja:


- ▶ Færa sleðann **☰** upp eða niður þangað til óskuðum hljóðstyrk er náð

eða

- ▶ Touch á **+** eða **-** að óskuðum hljóðstyrk.
- ▶ Staðfesta og vista stillinguna.

7.3.2 Valmyndarliður 2: Barnalæsing

UPPLÝSINGAR Með valmyndarlið 2 er hægt að kveikja eða slökkva á barnalæsingunni með viðvarandi hætti. Viðkomandi stilling er tekin yfir á varanlegan hátt við næstu kerfisræsinguna.



Mynd 7.3 Valmyndarliður 2: Barnalæsing

Virkja barnalæsinguna með viðvarandi hætti


- ▶ Snertu efra sleðasvæðið **☰**
- Í birtingunni er birt **ON**.
- ▶ Staðfesta og vista stillinguna.
- Barnalæsingin er virk með viðvarandi hætti.

Gera barnalæsinguna óvirka með viðvarandi hætti

- ▶ Ýttu á neðra sleðasvæðið **☰**
- Í birtingunni er birt **OFF**.
- ▶ Staðfesta og vista stillinguna.
- Barnalæsingin er óvirk með viðvarandi hætti.

7.3.3 Valmyndarliður 3: Sjálfvirk sogstýring

UPPLÝSINGAR Með valmyndaratriði 3 er hægt að gera virka eða óvirka með varanlegum hætti sogsjálfvirknina. Viðkomandi stilling er tekin yfir strax.



Mynd 7.4 Valmyndarliður 3: Sogsjálfvirkni


Gera sogsjálfvirkni óvirka varanlega

- ▶ Snertu efra sleðasvæðið [dots]
- Í birtingunni er birt **On**.
- ▶ Staðfesta og vista stillinguna.
- Sogsjálfvirknin er gerð virk varanlega.

Gera sogsjálfvirknina varanlega óvirka.

- ▶ Ýttu á neðra sleðasvæði [dots]
- Í birtingunni er birt **OFF**.
- ▶ Staðfesta og vista stillinguna.
- Sogsjálfvirknin er gerð varanlega óvirk.

7.3.4 Valmyndarliður 4: Tímalengd þrifalæsingar (afpurrkunar-aðgerð)




Mynd 7.5 Valmyndarliður 4: Tímalengd þrifalæsingar

Stilla tímalengd þrifalæsingar

- ▶ Færa sleðann á óskaða tímalengd (5–30 Sekúndur) eða
- ▶ Touch á **+** eða **-** að óskaðri tímalengd
- ▶ Staðfesta og vista stillinguna.

7.3.5 Valmyndarliður 5: Tímalengd framhaldsvirkni

UPPLÝSINGAR Framhaldsvirkni gufugleypisins er skynsöm og er ráðlögð með afgerandi hætti af BORA.




Mynd 7.6 Valmyndarliður 4: Tímalengd þrifalæsingar

Stilla framhaldsvirknin viftunnar

- ▶ Færa sleðann [dots] að óskaðri tímalengd (10–30 min) eða
- ▶ Touch á **+** eða **-** að óskaðri tímalengd
- ▶ Staðfesta og vista stillinguna.

7.3.6 Valmyndarliður 6: Athuga útgáfu hugbúnaðar

UPPLÝSINGAR Við villuleit getur verið að BORA þjónustuteymið þurfi að vita útgáfu hugbúnaðarins.




Mynd 7.7 Valmyndarliður 6: Athuga útgáfu hugbúnaðar

- Eftir 2 sekúndur er núverandi útgáfa hugbúnaðarins í kerfinu sýnd.

7.3.7 Valmyndarliður 7: Athuga útgáfu vélbúnaðar

UPPLÝSINGAR Við villuleit getur verið að BORA þjónustuteymið þurfi að vita útgáfu vélbúnaðar.



Mynd 7.8 Valmyndarliður 7: Athuga útgáfu vélbúnaðar

- Eftir 2 sekúndur er núverandi útgáfa vélbúnaðarins sýnd.

7.3.8 Valmyndarliður 8: Uppfærsla á kerfishugbúnaði.

UPPLÝSINGAR Til að leysa úr truflunum getur verið að þörf sé á hugbúnaðaruppfærslu.

UPPLÝSINGAR Nýjasti hugbúnaðurinn fyrir BORA Classic 2.0 kerfið er aðgengilegur á heimasíðu BORA. (www.bora.com, Products, BORA Classic 2.0, BORA Classic cooktop extractor CKA2, Documents).


Skannaðu QR kóðann og þér verður vísað beint á síðuna með nýjasta hugbúnaðinum.




UPPLÝSINGAR Sem geymslumiðill fyrir uppfærslugögn er USB-kubbur með FAT32 sniði nauðsynlegur. Pennan gagnakubb verður að tengja inn í USB tengið á gufugleypinum.

UPPLÝSINGAR Það verður að vera vistuð gild uppfærsluskrá í USB kubbinum. Hægt er að fá uppfærsluskrána með því að hafa samband við þjónustusvið BORA.


Ræsa hugbúnaðaruppfærslu




Mynd 7.9 Valmyndarliður 8: Ræsa hugbúnaðaruppfærslu

- ▶ Settu USB kubbin með uppfærsluskránni inn í USB tengið á gufugleypinum.
- ▶ Touch á sleðann 
- Hugbúnaðaruppfærslan hefst.
- Birtingin á fyrsta ferlishluta uppfærslunnar er sýnd blikkandi.

Uppfærslu ferli

Uppfærsluferlið á sér stað í þremur þrepum. Þessi þrjú ferlishlutar eru sýnd á skjá með ljósbrúnum sleða-hlutum (). Hver virkur ferlishluti er þá sýndur blikkandi. Ef einn ferlishluti hefur verið lokið með árangri, þá hættir viðkomandi ferlishluti að blikka og er lýstur upp í grænum lit. Næsti ferlishluti er ræstur.



Mynd 7.10 Valmyndarliður 8: Ferlishlutar hugbúnaðaruppfærsla

UPPLÝSINGAR Ef uppfærslan gekk án villuboða þá eru allir þrjú ferlishlutar sýndir upplýstir í grænum lit. Að lokum fylgir sjálfvirk nýræsing kerfis.

UPPLÝSINGAR Uppfærslunni var lokið á árangursríkan hátt ef eftir nýræsingunni kemur fram villumelding (t.d. *E 123*; sjá kafla um leysa truflanir).

UPPLÝSINGAR Ef villa kemur upp meðan á uppfærslu hluta stendur (viðkomandi ferlishluti er lýstur upp í rauðum lit), þá er hætt við allt uppfærsluferlið. Í stjórnborðsbirtingunni kemur fram villumelding (t.d. *E 123*; sjá kafla um leysa truflanir).


7.3.9 Valmyndarliður 9: Úttaka gagna

UPPLÝSINGAR Úttaka gagna léttir fyrir villugreiningu.


UPPLÝSINGAR Sem geymslumiðill fyrir úttöku gagna er nauðsynlegur USB kubbur með FAT 32 sniði. Þennan gagnakubb verður að tengja inn í USB tengið á gufugleypinum.

UPPLÝSINGAR Úttaka gagna á sér stað í þremur skrefum. Birting hinna þriggja ferlishluta á sér stað í stjórnborðsbirtingunni sem og í „uppfærsla hugbúnaðar“ (sjá valmyndaratriði 8).

Hefja úttöku gagna.



Mynd 7.11 Valmyndarliður 9: Úttaka gagna

- ▶ Tengid forsniðin USB kubb inn í USB tengið.
- ▶ Touch á sleðann .
- Úttaka gagna hefst.
- Birtingin á fyrsta ferlishluta úttöku gagna er sýnd blikkandi.

UPPLÝSINGAR Ef úttaka gagna á sér stað villulaust, þá eru allir þrjú ferlishlutar sýndir upplýstir í grænum lit.

UPPLÝSINGAR Ef villa kemur upp meðan á úttöku gagna stendur (viðkomandi ferlishluti er lýstur upp í rauðum lit), þá er hætt við uppfærsluferlið. Í stjórnborðsbirtingunni kemur fram villumelding (t.d. *E 123*; sjá kafla um leysa truflanir).

7.3.10 Valmyndarliður A: Birta endingartíma loftringrásarsíunnar (aðeins við loftringrásarnotkun).


UPPLÝSINGAR Með uppsettri síugerð í kerfinu er skilgreindur hámarksendingartími loftringrásarsíunnar.

UPPLÝSINGAR Afgangstími síuendingartímans er sýndur í fjölaðgerðabirtingunni með klukkustundarnákvæmni og til viðbótar með litunum grænum, appelsínugulum og rauðum á sjónrænan hátt með sleðanum.

Birting:

Afgangsendingartími	Litur	Merking
> 20 h	Grænn	Ekki enn þörf fyrir síuskipti
5 - 20 h	Appelsínugulur	bráðum kominn tími fyrir síuskipti
< 5 h	Rauður	Skipta verður (innan skamms) um síu.

Tafla 7.2 Birting endingartíma loftringrásarsíunnar.



Mynd 7.12 Valmyndarliður A: Birta endingartíma loftringrásarsíunnar

UPPLÝSINGAR Ef farið er fram yfir endingartíma virku kolefnasíunnar, getur verið að rétt notkun kerfisins verði skert. Þó að notkun á gufugleypinum sé áfram möguleg, þá fellur niður öll ábyrgð og ábyrgðarskuldbindingar.

7.3.11 Valmyndarliður B: Sýna síugerð, skipta um síugerð og endurstilla síuendingartíma (aðeins við loftringrásarnotkun).

UPPLÝSINGAR Í valmyndinni er valmyndatriði B aðeins sýnt ef endingartími síunnar er <20 klst. Í víðtæku valmyndinni (aðgangskóði nauðsynlegur) birtist valmyndatriði B alltaf.

UPPLÝSINGAR Ef valmyndatriði B er kallað fram, þá er sjálfvirkir síðast notaða síugerð sýnd.

UPPLÝSINGAR Ef sía hefur náð síuendingartíma birtist skjár þjónustusíunnar í valmyndinni og skipta verður um síu. Eftir síuskiptin verður að endurstilla síuendingartímann.


Velja síugerðina og endurstilla síuendingartímann

Efri sleða-skiptisvæði:

■ Síutegund 1 ($F1$) = BORA lofthreinsihólf ULB1/ULBF (eða annars framleiðanda með 300 klukkustunda síuendingartíma)

Neðri sleða-skiptisvæði:

■ Síugerð 3 ($F3$) = BORA lofthreinsihólf ULB3 (eða hlutur þriðja aðila með 400 klst. endingartíma)



Mynd 7.13 Valmyndarliður B: Sýna síugerð, skipta um síugerð og endurstilla endingartíma.

► Snerting á sleða-skiptisvæði

- Síugerðin er valin og endingartíminn er endurstilltur.
- Að lokum er nýr endingartími loftringrásarsíunnar sýndur.

8 Stækkuð valmynd

(Aðgangskóði nauðsynlegur)

UPPLÝSINGAR BORA viðskiptafélagar og dreifingaraðilar hafa tækifæri til að stækka valmyndina og opna fleiri valmyndaratriði. Þessa stækkuðu valmynd er aðeins hægt að kalla fram með viðeigandi aðgangsheimild með því að slá inn aðgangskóða.

UPPLÝSINGAR Aðgangskóðann á stækkaða notandavalmynd finnur þú með viðeigandi aðgangsréttindum í BORA PartnerNet. BORA PartnerNet er þjónustuvettvangur fyrir viðskiptafélaga og dreifingaraðila

Skannið QR-kóðann eða fylgið þessum



<https://partner.bora.com/en/classic-2>


8.1 Stækkuð valmynd kölluð fram

UPPLÝSINGAR Aðeins er hægt að kalla fram stækkuðu valmyndina ef slökkt er á öllum hellum og gufugleypinum. Að auki getur enginn afgangshiti verið til staðar.

UPPLÝSINGAR Valmyndarhnappurinn er fyrst birtur í stjórnborði, þegar allar aðgerðir eru óvirkar og enginn afgangshiti er lengur fyrir hendi.

- ▶ Haltu lengi niðri valmyndarhnapp
- Þá birtist valmynd til að slá inn fjögurra stafa aðgangskóða.

Innsláttur aðgangskóðans



Mynd 8.1 Innsláttur aðgangskóðans

- ▶ Með sleðanum skaltu stilla inn fyrstu töluna í aðgangskóðanum.
- ▶ Snertu eða til að breyta í næstu eða fyrri tölu
- ▶ Haltu áfram að slá og endurtaka ferlið þar til þú hefur slegið inn alla 4 tölustafi aðgangskóðans.

Hætta við að slá inn aðgangskóða

- ▶ Haltu lengi niðri valmyndarhnapp
- Kóðainnfærslunni er aflýst og kerfið fer aftur á venjulega skjáinn.

Staðfesta aðgangskóða

Þegar búið er að slá inn allar 4 tölur aðgangskóðans:

- ▶ Snertu valmyndarhnappinn
- Ef kóðinn er rétt sleginn inn verður útvíkkaða valmyndin opnuð og valmyndaratriði 1 „Hljóðstyrkur hljóðmerkja“ birtist.

UPPLÝSINGAR Ef verndaða valmyndasvæðið hefur verið virkjað, verða samt öll venjuleg valmyndaratriði fyrst sýnd (sjá kafla „Valmynd“). Síðan fylgja valmyndaratriðin í stækkuðu valmyndinni.

UPPLÝSINGAR Ef ekki er hægt að staðfesta aðgangsnúmerið (engin viðbrögð kerfisins), þá var kóðinn sleginn rangt inn og ekki er hægt að opna stækkuðu valmyndina.

Stækkaðri valmynd lokað

- ▶ Haltu lengi niðri valmyndarhnapp
- Valmynd lokast og sjálfgefni skjárinn birtist.

UPPLÝSINGAR Þegar lokað er á stækkaða valmyndina lýkur einnig virkjun hennar. Endurnýjað val á stækkuðu valmyndinni krefst aftur aðgangskilsins.

UPPLÝSINGAR Ef kerfið er endurræst af stækkuðu valmyndinni (handvirkt eða sjálfvirkt), þá verður virkjun framlengdu valmyndarinnar lokinni.

8.2 Valmyndaatriði í stækkuðu valmyndinni

UPPLÝSINGAR Nánari upplýsingar um notkun valmyndarinnar má finna í kaflanum „Valmynd“.

8.2.1 Valmyndarliður B: Sýna síugerð, skipta um síugerð og endurstilla síuendingartíma (aðeins við loftringrásarnotkun).

UPPLÝSINGAR Ef valmyndaratriði B er kallað fram, þá er sjálfvirkt síðast notaða síugerð sýnd.

UPPLÝSINGAR Ef sía hefur náð síuendingartíma birtist skjár þjónustusíunnar í valmyndinni og skipta verður um síu. Eftir síuskiptin verður að endurstilla síuendingartímann.


Velja síugerðina og endurstilla síuendingartímann

Efri sleða-skiptisvæði:

■ Síutegund 1 (F I) = BORA lofthreinsihólf ULB1/ULBF (eða annars framleiðanda með 300 klukkustunda síuendingartíma)

Neðri sleða-skiptisvæði:

■ Síugerð 3 (F 3) = BORA lofthreinsihólf ULB3 (eða hlutur þriðja aðila með 400 klst. endingartíma)



Mynd 8.2 Valmyndarliður B: Sýna síugerð, skipta um síugerð og endurstilla endingartíma.

► Snerting á sleða-skiptisvæði


- Síugerðin er valin og endingartíminn er endurstilltur.
- Að lokum er nýr endingartími loftringrásarsíunnar sýndur.

8.2.2 Valmyndarliður D: Kynningarhamur

Hægt er að stilla kerfið á prufustillingu þar sem allar aðgerðir eru fyrir hendi en helluborðið hitnar þó ekki.

UPPLÝSINGAR Prufustillingin er ávallt hermt á eftirfarandi hellu-samstæður: vinstri = CKFI hægri = CKCH

UPPLÝSINGAR Helluborðsgufuleypirinn CKA2 er notaður með fullri virkni nákvæmlega eins og hann var stilltur.



Mynd 8.3 Valmyndarliður D: Virkja prufustillingu

Virkja prufustillingu:

► Snertu efra sleðasvæðið

- Efri sleðasvæði byrjar að blikka og virkjun prufustillingar er undirbúin (getur tekið allt að 30 sekundum).
- Í kjölfarið er kerfið sjálfkrafa endurræst og kynningarstillingin er virk.

UPPLÝSINGAR Í kynningarham birtist eftir ræsingu á fjölaðgerðaskjánum í 4 sekúndur *d E n O*.

Afvirkja prufustillingu:


► Ýttu á neðra sleðasvæðið

- Neðri sleðasvæði byrjar að blikka og virkjun prufustillingar er undirbúin (getur tekið allt að 30 sekundum).
- Í kjölfarið er kerfið sjálfkrafa endurræst og kynningarstillingin er afvirkjað.

UPPLÝSINGAR Stillingarnar í prufustillingunni eru eyddar þegar búið er að afvirkja prufustillinguna. Kerfið og allar stillingar eru núllstilltar í sjálfgefnar stillingar afhendingarstöðu. Að því loknu verður að framkvæma fyrstu gangsetningu (sjá kafla Fyrsta notkun).

8.2.3 Valmyndapunktur E: Skjá- og hnappaprófun

UPPLÝSINGAR Skjá- og hnappaprófunin kannar alla LED á stjórnborðinu fyrir virkni þeirra.



Mynd 8.4 Valmyndapunktur E: Skjá- og hnappaprófun


Skjá- og hnappaprófun virkjuð:

- ▶ Ýtið á sleðasvæðið [REDACTED]
- Öll snerta- og skjásvæði stjórnborðsins dofna við 50% birtustig.
- Aflhnappurinn, stýriörvarnar og valmyndarhnappurinn eru undanskildir prófinu (100% birtustig).

Prófunarmöguleikar:

- ▶ Snerting á hnapp
- Táknmyndin blikkar með 100% birtustigi.
- ▶ Renna sleða [REDACTED]
- Sleðinn blikkar með 100% birtustigi. Eldunarsvæðabirting og fjölvirknisskjárin breyta gildi sínu í samræmi við stöðu sleðans.
- ▶ Snertu eldunarsvæði
- Allar merkingar á helluborðinu blikka með 100% birtustigi.
- ▶ Snerting á eldunar-aukavirkni
- Á samsvarandi eldunarsvæði blikka öll tákn eldunaraðstoðaraðgerða með 100% ljósi.
- ▶ Snertu + / -
- Samsvarandi hnappur blikkar til skiptis einu sinni hvor í rauðu, grænu og bláu.
- ▶ Snertu [REDACTED] / [REDACTED] / [REDACTED] / [REDACTED] / [REDACTED]
- Samsvarandi hnappur blikkar 3x.

8.2.4 Valmyndapunktur F: Endurstilling á verksmiðjustillingar



Mynd 8.5 Valmyndarliður D: Virkja prufustillingu

Endurstilling á verksmiðjustillingar:

- ▶ Ýtið á sleðasvæðið [REDACTED]
- Kerfið og allar stillingar eru núllstilltar í sjálfgefnar stillingar afhendingarstöðu.

8.3 Gas-stillingarvalmynd

UPPLÝSINGAR Útskipting á gasstútum, lofttegund, breytingu á gasþrýstingi og gaseiginleikum má aðeins framkvæma af viðurkenndum sérfræðingi eða þjónustumanni BORA. Hann skal einnig bera ábyrgð á því að farið sé rétt að þegar búnaðurinn er tengdur við gas og tekinn í notkun.

UPPLÝSINGAR Réttar stillingar eru afar mikilvægar til að notkun gashelluborðs eigi sér stað á hættulausan hátt og laus við truflun.


UPPLÝSINGAR Nánari upplýsingar um notkun valmyndarinnar má finna í kaflanum „Valmynd“.

8.3.1 Valmyndaratriði P: GPU

UPPLÝSINGAR Með valmyndaratriði P (GPU) er lágmarksafköst á hvern brennara og gastegund/þrýstingi stýrt.

Stilling	Gastegund	Gasþrýstingur Ø (mbar)	Ø SR-Brennari/Venjulegur brennari	Ø R-Brennari/Sterkur brennari
0	G20	20	104	125
	G25	20	110	131
4	G30	29	69	85
	G30/31	37	69	85
5	G30/31	50	62	78
10	G20	13	115	149
11	G25	25	104	131
	G25,3	25	104	131
12	G20	25	100	119

Tafla 8.1 Slökkva á gastegund og gasþrýstingi.



Mynd 8.6 Birting á valmyndaratriði P: GPU

► Veldu rétta stillingu (Snertu viðeigandi sleðasvæði  eða stillingu yfir  eða .

8.3.2 Valmyndaratriði S: GAST

UPPLÝSINGAR Í valmynd S (GAST) getur þú valið einkennisferil gasbrennarans

UPPLÝSINGAR Með fljótandi gas (G30/31) má aðeins nota einkennisferla B og C.

Einkennisferlarnir stýra neðsta afkastagildi gasbrennarans. Með einkennisferlum eru neðri styrkleikaþrep aðlöguð. Allt eftir uppsetningu og áhrifum frá gufugleypinum er hægt að breyta einkennisferlum ef nauðsynlegt reynist:

Einkennisferill A:

A er fínasta þrepun aflagdanna, sem aðeins er hægt að stilla við kjöraðstæður og aðeins fyrir jarðgas (G20, G25, G25.3). Kjöraðstæður eru þegar:


- þegar engar hellur eru í notkun, eða
- helluborðið, við notkun með gufugleypinum í útblástursútfærslunni, er hægt að nota með nægilegri loftræstingu, eða
- helluborðið, við notkun með gufugleypinum í lofthringrásarkerfinu, með nægilegu bakflæðisopi, er notað og gufugleypirinn myndar engin neikvæð áhrif á gaslogann.

Einkennisferill B:


B er einkennisferill frá verksmiðju með jafnvægri þrepun einstakra styrkleikaþrepa.

Einkennisferill C:

C eykur neðri styrkleikaþrepin og ætti aðeins að nota við neikvæðum áhrifum helluborðsgufugleypis.



Mynd 8.7 Birting valmyndaratriði S: GAST


► Veljið þann einkennisferil sem hæfir (Snertið viðkomandi sleðasvæði .

UPPLÝSINGAR Ef gasloginn slokknar, aukin logabjögun og / eða logamynstrið er ekki rétt (til dæmis sót, bakskot, ...), verður að hækka einkennisferilinn og, ef nauðsyn krefur, einnig loftræstingu í útblástursbúnaði eða þarf að auka bakflæðisopið loftringrásarkerfisins.

8.3.3 Valmyndaratriði T: GAS

UPPLÝSINGAR Valmyndaratriði T (GAS) býður upp á endurstillingaraðgerð Þessa endurstillingaraðgerð er hægt að nota við truflanir sem og í tilfalli bilana og við fyrstu notkun, þegar gashelluborð sýnir engin viðbrögð (engin kveiking).

UPPLÝSINGAR Stilltu gildin fyrir gastegund, gasþrýsting og gaseinkenni eru óbreytt og endurstilling hefur ekki áhrif á þau.



Mynd 8.8 Birting valmyndaratriði T: GAS

- Ef nauðsyn krefur skaltu framkvæma endurstillingu (snertu svæði sleðasvæðis .

9 Prif og umhirða

- ▶ Fylgið öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann um öryggi).
- ▶ Fylgja skal meðfylgjandi leiðbeiningum framleiðanda.
- ▶ Til að koma í veg fyrir slys skal ávallt ganga úr skugga um að slökkt hafi verið alveg á helluborðinu og gufugleypinum og að tækin hafi náð að kólna áður en reglubundin þrif og viðhald fara fram (sjá kaflann um notkun).
- Reglubundin þrif og umhirða tryggja langan endingartíma vörunnar og sem besta virkni.

UPPLÝSINGAR Stályfirborð skal eingöngu þrifa í átt slípunaráferðar.

- ▶ Sinna skal þrifum og umhirðu með eftirfarandi tíðni:

Hreinsunartíðni gleypiháfur

Íhlutir	Tíðni þrifa
Gufugleypir að innan og yfirborð	eftir hverja eldun á mjög feitum mat; að minnsta kosti einu sinni í viku.
Inntökustútur, fitusúeining	eftir hverja eldun á mjög feitum mat; að minnsta kosti einu sinni í viku.
Virkar kolefnasiur (aðeins með hringrásarlofti)	skipta um ef lykt myndast eða þegar endingartími er liðinn (sjá síubjónustubirtingu)

Tafla 9.1 Hreinsunartíðni

Hreinsunartíðni helluborð

Íhlutir	Tíðni þrifa
Helluborð	strax eftir hvert skipti sem óhreinast vandlega með hefðbundnum hreinsiefnum.

aðeins hjá gashelluborðum CKG:

Pottagrindur gas-brennara-hlutir	strax eftir hvert skipti sem óhreinast vandlega með hefðbundnum hreinsiefnum.
----------------------------------	---

Tafla 9.2 Hreinsunartíðni helluborð

9.1 Hreinsiefni

UPPLÝSINGAR Notkun tærandi hreinsiefna og potta með grófum botni orsakar skemmdir á yfirborðinu og dökkir blettir myndast.

- ▶ Notið aldrei gufuhreinsitæki, svampa sem rispa, hrjúp hreinsiefni eða efnafræðileg sterk hreinsiefni (t.d. ofnhreinsiúða).
- ▶ Gætið þess að hreinsiefni innihaldi alls ekki sand, sóða, síru, basa eða klóríð.

Keramíkhelluborð:

Þú þarft sérstaka keramík sköfu og viðeigandi hreinsiefni til að þrifa helluborðið.

UPPLÝSINGAR Notið keramík sköfuna ekki í bungaða eldunarsvæðið á Wok-helluborðinu.

Tepan-Ryðfrítt-Stál-Grill

Þú þarft sérstaka Tepan sköfu og viðeigandi hreinsiefni til að þrifa Tepan-Ryðfrítt-Stál-Grillið.

9.2 Umhirða tækis

- ▶ Notið tækið ekki sem vinnusvæði né geymslupláss.
- ▶ Ekki ýta né toga potta og pönnur yfir tækjafirborðið.
- ▶ Gætið þess að lyfta alltaf pottum og pönnum.
- ▶ Haldiði tækinu alltaf hreinu.
- ▶ Fjarlægjið strax allar tegundir af óhreinindum.
- ▶ Notið eingöngu potta og pönnur sem henta fyrir keramíkhelluborð (sjá kaflann Lýsing á tæki).


9.3 Þrifa gleypiháf CKA2

Á yfirborðinu og í útblásturskerfinu geta safnast upp fitulög og kalkmyndanir úr eldunargufum.

- ▶ Fjarlægjið inntaksstúttinn og fitusúeininguna fyrir þrif.
- ▶ Þrifið yfirborðið með mjúkum, rökum klút, uppþvottalegi eða mildum gluggahreinsi.
- ▶ Mýkið upp þurr óhreinindi með rakri tusku (ekki rispa!).
- ▶ Þrifið íhluti gufugleypisins samkvæmt hreinsunartíðni.

9.3.1 Taka íhluti í sundur.

Fjarlægja inntaksstút




Mynd 9.1 Fjarlægja inntaksstút

[1] Inntaksstútur

- ▶ Kippið inntaksstúttum [1] út úr ísettri stöðu.
- ▶ Fjarlægjið með hinni hendinni inntaksstúttinn [1].


Taka í sundur fitusíueininguna



Mynd 9.2 Fjarlægja fitusíueininguna

- ▶ Fjarlægjið fitusíueininguna.
- ▶ Notið til þess gripgrópinar innan í fitusíueiningunni.

Taka í sundur fitusíueininguna



Mynd 9.3 Fjarlægja fitusíuna.

- ▶ Fjarlægjið fitusíuna úr söfnunarahólfinu.
- ▶ Notið til þess 2 hliðar þrýsti-læsingarstaði við fitusíuna.

9.3.2 Prif á íhlutum.

Inntaksstútin, fitusíuna og söfnunarahólfíð er hægt að þrifa í höndunum eða í uppþvottavél.

- ▶ Takið í sundur fitusíueininguna áður en hún er þriffin.

Prífið í höndunum

- ▶ Notið fituleysandi hreinsiefni.
- ▶ Skolið af íhlutum með heitu vatni.
- ▶ Prífið íhlutina með mjúkum bursta.
- ▶ Skolið vel af íhlutum eftir þriffin.

Prif í uppþvottavél

- ▶ Setjið íhlutina öfuga inn í uppþvottavélina.
- Ekkert vatn á að geta safnast fyrir í fitusíu íhlutum.

- ▶ Til að hreinsa skaltu nota uppþvottakerfi með að hámarki 65°C.

- Ef ekki er lengur hægt að þrifa fitusíuna til fulls, verður að skipta um fitusíuna.

9.3.3 Ísetning íhlutanna.

Setja saman fitusíueininguna

UPPLÝSINGAR Við samsetningu íhlutanna er alls ekki þörf á neinni áreynslu. Fitusíueiningin er þannig hönnuð, að íhlutina er eingöngu hægt að setja saman á réttan hátt og það viðnámslaust.

- ▶ Setjið fitusíuna varlega í söfnunarahólfíð.
- ▶ Gangið úr skugga um að læsingin smelli saman.
- ▶ Ýtið fitusíunni ekki með valdi inn í söfnunarahólfíð.
- Ef viðnáms verður vart við ísetningu fitusíunnar, þá nægir að snúa síunni við.

Ísetning fitusíueiningarinnar

UPPLÝSINGAR Fitusíueininguna er eingöngu hægt að setja á sinn stað til fulls og viðnámslaust ef hún snýr rétt. Ekki er hægt að setja hana á rangan hátt ef rétt er farið að.

- ▶ Setjið fitusíueininguna varlega í gufugleypinn.
- ▶ Ýtið fitusíueiningunni ekki með valdi inn í gufugleypinn.
- Ef viðnáms verður vart við ísetningu fitusíueiningarinnar, verður einfaldlega að snúa við fitusíueiningunni.

Ísetning inntaksstúts

- ▶ Setjið inntaksstútin á sinn stað.
- ▶ Athugið að staðan sé rétt.

9.3.4 Skipta um lofthringrásarsíu

Við notkun lofthringrásar er notuð til viðbótar virk kolefnasía. Virka kolefnasían bindur lyktarefni, sem verða til við eldun. Virka kolefnasían er innbyggð inn í sökkulviftuna eða við lagnakerfið.

UPPLÝSINGAR Skiptið um virku kolefnasíuna reglulega. Endingartímann er hægt að sjá í notkunarleiðbeiningum með hverri virkri kolefnasíu fyrir sig.

UPPLÝSINGAR Virkar kolefnasíur færðu hjá söluaðila þínum eða hafðu samband við BORA gegnum vefsíðuna <http://www.bora.com>

- Í notkunarleiðbeiningum með virkri kolefnasíunni er lýst hvernig skipt er um.
- ▶ Endurstillið síuþjónustuáþendinguna (sjá kafla um valmynd, atriði 7.3.11).

9.4 Prífa helluborð

9.4.1 Prífa keramik (CKFI, CKI, CKIW, CKCH, CKCB, CKG)

- ▶ Gætið þess að slökkt sé á helluborðinu (sjá kaflann um notkun).
- ▶ Gangið úr skugga um að gas hafi verið aftengt og lokað fyrir það hvað varðar gashelluborð CKG.
- ▶ Bíðið þangað til allar hellurnar eru kaldar.
- ▶ Fjarlægið öll gróf óhreinindi og matarleifar af helluborðinu með keramiksköfu.
- ▶ Berið hreinsiefnið á kalt helluborðið.
- ▶ Nuddið hreinsiefnið með eldhúspappír eða hreinni tusku.
- ▶ Strjúkið af helluborðinu með blautri tusku.
- ▶ Purrkið helluborðið með hreinni tusku.

Ef helluborðið er heitt:

- ▶ Fjarlægið bráðnaðar áfaster leifar úr gerviefnum, álpappír, sykri sem og matvæli sem innihalda sykur, strax með keramik sköfu út af heita eldunarsvæðinu, til að koma í veg fyrir að þau brennist inn í.

Mikil óhreinindi

- ▶ Fjarlægja skal mikil óhreinindi og bletti (kalkbletti, glansandi bletti) með hreinsiefnum á meðan helluborðið er enn heitt.
- ▶ Mýkið upp þurrar matarleifar með blautri tusku.
- ▶ Fjarlægið óhreinindaleifar með keramiksköfunni.
- ▶ Korn, mylsna og álíka, sem verða til við hefðbundna eldamennsku og falla niður á helluborðið skal fjarlægja strax til að koma í veg fyrir að yfirborðið rispist.

Litabreytingar og gljáandi yfirborð eru ekki skemmdir á helluborðinu. Þær hafa ekki áhrif á virkni helluborðsins og stöðugleika keramiksins.

Upplitun á helluborðinu stafar af leifum sem hafa ekki verið fjarlægðar og hafa brennst inn í.

Gljáandi blettir orsakast af núnungi við botn potta, sérstaklega þegar notaðir eru pottar og pönnur með álbotti, eða af óviðeigandi hreinsiefnum. Mjög erfitt er að fjarlægja þá.

UPPLÝSINGAR Við gashelluborðið CKG er eðlilegt að sjá lítil litafrávik og ójöfnur vegna notkunar gljábrenndra afsteypuhluta. Þar til viðbótar getur orðið til ryðlag á burðarstöðum, sem auðvelt er hægt að fjarlægja með rökum klúti. Þessi atriði eru eðlileg og eru ekki rýrnun.

9.4.2 Hreinsa Tepan-Ryðfrítt-Stál-Grillyfirborðið (CKT)

UPPLÝSINGAR Notið sköfuna eingöngu á grillyfirborðið, þar sem annars getur komið til skemmda á yfirborðinu.

UPPLÝSINGAR Hreinsið stál yfirborðið aðeins í átt slípunaráferðar.

UPPLÝSINGAR Sítrónusýru má ekki setja á svæði nálæg helluborðinu né borðplötu, þar sem sítrónusýrur geta skemmt þau.

UPPLÝSINGAR Notið engin stálhreinsiefni á ryðfría stál-fleti né ryðfría stál-grillfleti.

UPPLÝSINGAR Notaðu hreinsunaraðgerðina á Tepan ryðfría stálgrillinu til að hreinsa það (sjá kaflann Notkun).

Lítill óhreinindi

- ▶ Gætið þess að slökkt sé á helluborðinu (sjá kaflann um notkun).
- ▶ Bíðið þangað til ryðfrítt stál grill yfirborðið hefur kólnað nægilega niður.
- ▶ Fjarlægið lítill óhreinindi með rökum klúti og uppþvottalegi.
- ▶ Til að koma í veg fyrir vatnsbletti eða kalkbletti (gulleit upplitun) skal nota mjúkan klút til að þurrka yfirborðið sem þrifið var með vatni.

Venjuleg óhreinindi

- ▶ Gangið úr skugga um að hreinsihumurinn sé virkjaður fyrir bæði grillsvæðin (sjá kaflann um notkun)
- ▶ Bíðið þangað til grillsvæðisbirtingin blikkar ekki lengur (= kjör hitastig fyrir þrif 70°C).
- ▶ Aðeins skal nota hreint, kalt vatn á grillyfirborðið.
- ▶ Leyfið vatninu að virka í um það bil 15 mínútur.
- ▶ Fjarlægið síðan öll grófari óhreinindi og matarafgangameð Tepan sköfu.
- ▶ Fjarlægið afgangsohreinindin og vatnsleifar með hreinum klúti.
- ▶ Purrkið af helluborðinu með hreinum klúti.

Mikil óhreinindi

- ▶ Gangið úr skugga um að hreinsihumurinn sé virkjaður fyrir bæði grillsvæðin (sjá kaflann um notkun)
- ▶ Bíðið þangað til grillsvæðisbirtingin blikkar ekki lengur (= kjör hitastig fyrir þrif 70°C).
- ▶ Leysið upp í auka skál með heitu vatni (um það bil 200 ml) eina skeið af sítrónusýru (um það bil 10-15 ml).
- ▶ Setjið nú vökvann á grill-yfirborðið.
- ▶ Leyfið vökvannum að virka í um það bil 5 - 8 mínútur.
- ▶ Losið með gerviefnabursta íbrenndar grillleifar af grill yfirborðinu.
- ▶ Fjarlægið afgangsohreinindi og leifar af vatns-sítrónublöndunni (sítrónusýrunni) til fulls með hreinum klúti.
- ▶ Aðeins skal nota hreint, kalt vatn á grillyfirborðið.
- ▶ Fjarlægið afgangsohreinindin og vatnsleifar með hreinum klúti.
- ▶ Purrkið af helluborðinu með hreinum klúti.


Litaupplitanir og minni háttar rispur eru ekki skemmdir á helluborðinu. Virkni helluborðsins og stöðugleiki ryðfrís stál-grillyfirborðsins rýrnar ekki við það.

Upplitan á helluborðinu stafar af leifum sem hafa ekki verið fjarlægðar og hafa brennst inn í.

9.4.3 Hreinsun á íhlutum gashelluborðs CKG

Hreinsun á pottagrindinni

UPPLÝSINGAR Yfirborðið á pottagrindunum verður með tímanum aðeins mattara. Þetta er algjörlega eðlilegt og er ekki efnarýrnun.



Mynd 9.4 Gasbrennari uppsetning

- [1] Gashelluborð
- [2] Pottagrind
- [3] Gas-brennari
- [4] Staðsetningarhjálp

- ▶ Takið pottagrindurnar [2] upp.
- Hægt er að þrifa pottagrindurnar í höndunum eða í uppþvottavélinni.

Prífið í höndunum

- ▶ Notið fituleysandi hreinsiefni.
- ▶ Skolið af pottagrindunum með heitu vatni.
- ▶ Prífið pottagrindurnar með mjúkum bursta.
- ▶ Skolið vel af pottagrindunum eftir þrif.
- ▶ Þurrkið pottagrindurnar vel með hreinum klúti.

UPPLÝSINGAR Við afar áföst eða innbrennd óhreinindi má setja pottagrindina stutt í heitt vatn með uppþvottalegi til að mýkja upp, hugsanlega kalkbletti má losa betur með vatnsediklausn.


Príf í uppþvottavél

- ▶ Þvoðu pottagrindurnar með uppþvottakerfi sem er að hámarki 65°C.

- ▶ Þurrkið pottagrindurnar vel með hreinum klúti.
- ▶ Staðsetjið pottagrindurnar [2] rétt og beint að teknu tilliti til staðsetningarhjálparinnar [4] á gasbrennarinum [3].

Hreinsun á gas-brennara-hlutum.

UPPLÝSINGAR Yfirborðið á brennaralokinum verður með tímanum aðeins mattara. Þetta er algjörlega eðlilegt og er ekki efnarýrnun.



Mynd 9.5 Gasbrennari uppsetning






- [1] Brennaralok
- [2] Brennarahaus
- [3] Rafmagnskveikibúnaður
- [4] Öryggis-hitaelement
- [5] Brennara-hús
- [6] Gas-brennarastútur

- Byrjið fyrst á þrifum þegar gasbrennarinn hefur kólnað niður í eðlilegan hita eftir notkun.
- Brennarahlutir eru ekki hæfir í uppþvottavél. Hreinsið brennarahlutina einungis í höndunum.
- Þrif skal eingöngu gera með heitu skolvatni og hefðbundnum uppþvottalegi með notkun mjúks svamps eða venjulegs uppþvottaklúts.
- Aldrei skal klóra né skrapa matarleifar af.
- ▶ Taktu pottagrindina af.
- ▶ Taktu brennara-lokið [1] af brennara-hausnum [2].
- ▶ Takið brennarahausinn [2] af gasútrennslisopinum
- ▶ Prífið brennarahlutina
- ▶ Prífið öll óhreinindi af logaopum með bursta sem ekki er úr stáli.
- ▶ Þurrkið af þeim hlutum brennarans sem ekki er hægt að fjarlægja með rökum klúti.
- ▶ Þurrkið af kveikielektróðunni [3] og af hitaelementinu [4] varlega með vel undnum klút.

- Kveikielektróðan má ekki blotna, annars virkar neistakveiking ekki.
- ▶ Þurrkið að lokum allt með hreinum klúti.
- Logaop, brennarahausar og brennaralok verður að þurrka til fulls áður en þau eru sett saman aftur.
- ▶ Settu brennarahlutina aftur saman.
- ▶ Staðsettu brennara-hausinn [2] rétt á gasútrennslisopinun.
- ▶ Tryggið að öryggis-hitaelementið [4] og rafmagns kveikibúnaðurinn [3] séu staðsett í réttu opi.
- ▶ Leggðu brennaralokið [1] þannig að það sitji rétt á og beint á brennarahausnum [2].
- Ef brennarahlutinn er lagður rangt á þá virkar ekki rafmagnskveikingin.
- ▶ Leggðu pottagrindina rétt á og beint á gasbrennarann.
- ▶ Takið gas brennarann í notkun (sjá kafla um notkun).

10 Bilanir lagfærðar

► Fylgið öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).

Ástand	Orsök	Úrræði
Kerfi		
Ekki er hægt að kveikja á tækinu (Kveikihnappur  ekki sjáanlegur)	Öryggi eða sjálfvirkur útsláttarrofi í íbúðinni eða húsinu er gallað. Öryggi/útsláttarrofi slær oft út Rafmagnstenging er rofin.	Skiptu um öryggi slá aftur inn öryggisrofa Hafðu samband við þjónustuteymi BORA Látið rafvirkja skoða rafmagnstenginguna.
	Microöryggi í kaldtækja-tengikló í stýrieiningunni er gallað.	Skipta um öryggi (Gerð: T 3,15A/250V)
Kerfið slekkur á sjálfu sér eða fer í biðstöðuham.	Stjórnborð er óhreint Ýta stöðugt á kveikihnapp (> 7 s) Truflunarmerki meðan á þrífum stendur eða eftir þríf (kveikihnappur virkjaður vegna hreinsiefna sem gufa upp)	Prífðu stjórnborð Kveikihnapp skal þurrka strax eftir þríf (< 7 s) Nota þrífælisingu, þrifa í þurru.
Kveikihnappur  blikkar	Fyrirstaða á stjórnborðinu Stjórnborð er óhreint	Fjarlægja fyrirstöðuna frá stjórnborðinu Prífðu stjórnborð
Villukóði <i>IC ONF</i>	ókláruð grunnstilling	Ljúka við grunnstillingu
Villukóðar <i>id ISP, Ed ISP</i>	Fyrirstaða á stjórnborðinu Stjórnborð er óhreint Stöðug notkun á Touch-svæði	Fjarlægja fyrirstöðuna frá stjórnborðinu Prífðu stjórnborð Hætta við stöðuga notkun
Sjónrænn litamunur á milli tækjanna	mjög bjartur ljósgjafi, sem skín beint á tækið.	Forðist tímabundna lýsingu (punktljós) og sjáið til þess að lýsing sé jöfn og björt.
Gufugleypir		
Lykt myndast við notkun á nýja gufugleypinum	Eðlilegt í nýjum tækum úr verksmiðju.	Lyktin hverfur eftir nokkurra klukkustunda notkun
Sogkraftur gufugleypisins hefur minnkað	Feitísían er mjög óhrein Virki kolefnasía er mjög óhrein (eingöngu við lofthringrásarnotkun) Í loftflæðishúsinu er fyrirstaða (t.d. hreinsiklútur)	Prífðu feitísíuna eða skiptu um hana Skipta um virka kolefnasíu Fjarlægjið fyrirstöðu
Enginn sogkraftur, rautt víftutákn  + <i>EFAn</i>	Viftan er óvirk eða er stífluð.	Hafa samband við BORA þjónustuteymið (hægt er að nota kerfið, en þó ekki með soughamnum).
skertur sogkraftur, gult víftutákn  + <i>IFAn</i>	í kerfi með 2 viftum er 1 vifta óvirk, stífluð eða ekki rétt tengd.	Hafa samband við BORA þjónustuteymið (hægt er að nota kerfið, en þó með skertum sogkrafti)
við stillingu á viftu-kraftstig fer hin sama strax aftur á 0, birtir rautt víftutákn 	engin vifta er tengd Viftan er stífluð Viftan fær ekki straum	tengið viftuna Hafðu samband við þjónustuteymi BORA Prófa tengingu viftunnar
Villukóðar <i>EOB I, EOPEn</i>	Ekki hefur verið kveikt á Home-In	Opna glugga og síðan snerta viftuhnappinn
Villukóðar <i>I F ILt, EF ILt</i>	Endingartími lofthringrásarsíu liðinn.	setja í nýja síu (eingöngu við lofthringrásarnotkun) og setja endingartíma síunnar til baka (sjá valmyndarlið B).

E = Truflanir I = Upplýsingar

Ástand	Orsök	Úrræði
Helluborð		
Helluborð birtist, en bæði eldunarsvæðaskjáirnir sýna villu E og á fjölaðgerðarskjánum birtist villukóði (t.d. E547)	vantar straumgjöf í helluborð Rafall/raftæknin gölluð	Láttu viðurkenndan rafvirkja athuga öryggi eða rafmagnstengingu helluborðsins Hafðu samband við þjónustuteymi BORA
Helluborð birtist ekki	Helluborð greinist ekki	Prófa samskiptatengingar
Villukóðar EHERL	Ofhitnun	fjarlægðu heita hluti úr næsta nágrenni stjórnborðsins Slökkva á kerfinu og leyfa því að kólna Hreinsið gólf í botni einingarinnar (aðeins fyrir Tepan ryðfríu stáli grilli CKT) Hafðu samband við þjónustuteymi BORA
Helluborð fara ekki í gang þó að styrkleikaþrep hafi verið valið og dE nD er birt	kynningarhamur er virkur	hafðu samband við BORA söluaðila eða BORA þjónustuteymi

Truflanir við gashelluborð CKG

Við fyrstu notkun eða lengri tíma án notkunar eða við skipti á gaskút:

Kviknar ekki á brennara	Loft er fyrir hendi í gasleiðslunni	Kveikið á ný eða endurtekið (Touch á valið eldunarsvæði og velja styrkleikaþrep).
Gashelluborð sýnir enga virkni (engin kvörðun á hreyfiliða og engin kveiking)	Samskiptagalli á sér stað milli stýrieiningar og helluborðs (t.d. við rafmagnsleysi).	Endurstilltu tækið (sjá stillingarvalmynd gas)
Ekki er hægt að kveikja á gasbrennarannum með rafmagni.	Öryggið eða sjálfvirkur útsláttarrofi í íbúðinni eða húsinu er gallaður eða sló út.	Skiptu um öryggið. Sláðu sjálfvirka útsláttarrofanum inn á ný. Hafðu ef svo ber undir samband við rafvirkja.
	Öryggið eða sjálfvirkur útsláttarrofi slær endurtekið út.	Hafðu samband við BORA þjónustuteymið.
	Rafmagnstenging er rofin.	Fáið rafvirkja til að prófa rafmagnskerfið.
	Gasbrennararnir eru rakir.	Purrkaðu gasbrennarahlutina (sjá kaflann um þrif).
	Gasbrennarahausarnir og/eða gasbrennaralokin eru ekki rétt staðsett.	Staðsettu gasbrennarahlutina rétt (sjá kaflann um þrif).
	Rafmagnskveikigjöfin og/eða hitaelementið eru óhrein	Fjarlægjið óhreinindin (sjá kaflann um þrif)
	Óhreinindi í gasbrennarahaus	Hreinsið gasbrennarahlutina (sjá kaflann um þrif).
	Kveiking á sér ekki stað sjálfvirk.	Endurtakið kveikingu gegnum Touch-yfirborð stýrisnerils.

E = Truflanir , = Upplýsingar

Ástand	Orsök	Úrræði
Pú finnur gaslykt.	Óþéttur staður í gasleiðslunni	Slökktu á gasinntakinu og slökktu strax á öllum opnum logum. Hafðu samband við uppsetningaraðila gassins. Gakktu úr skugga um að allar tengingar séu þéttar (sjá kafla um gasuppsetningu).
Úr gasbrennaranum streymir ekkert gas.	Lokað er fyrir gasinntak. Gaskútur (ef fljótandi gas LPG) er tómur.	Opnaðu gasinntakið (sjá kaflann um notkun) Skiptu um tóma gaskútinn og settu fullan gaskút í með réttri gastegund.
Það slokknar á gasloganum eftir kveikingu. Það slokknar á gasloganum meðan á notkun stendur. Logaljós gaslogans breytist.	Gasbrennarahlutirnir (brennarahausar og/eða brennaralok) eru ekki rétt staðsettir. Óhreinindi í gasopum við gasbrennarahausinn.	Staðsettu gasbrennarahlutina rétt (sjá kaflann um þrif). Hreinsið gasbrennarahlutina (sjá kaflann um þrif).
allir villukóðar E... (fyrir utan E0000)	Villur meðan á keyrslu hugbúnaðar stendur	Bíddu í 5 sekúndur, snertu síðan villuboðin E (uppfæra villu) Aftengdu tækið í að minnsta kosti 1 mínútu frá rafmagni og ræstu það á ný. Hafðu samband við BORA þjónustuteymið.
Villukóði E0000	Truflun á gasinntaki og/eða engin logi sjáanlegur. Gaskúturinn er tómur.	Bíddu í 5 sekúndur, snertu síðan villuboðin E (uppfæra villu) Endurtakið kveikingu (gasleiðslan þarf eftir uppsetningu ákveðinn tíma til að fyllast). Hafðu samband við BORA þjónustuteymið.

Tafla 10.1 Gert við bilanir

- ▶ Eftir að truflun hefur verið leyst skal gera nýja tilraun og láta reyna á hvort leyst hefur verið úr trufluninni.
- ▶ Reynið við allar aðrar truflanir að ræsa tækið á ný.
- ▶ Sem síðasta úrræði skal rjúfa í stuttan tíma rafmagnstenginguna.

UPPLÝSINGAR Meðan á eða eftir að straumur hefur verið rofinn geta helluborð enn verið heit. Á hellunum CKCH, CKCB og CKG er enginn afgangshiti sýndur eftir að straumur hefur verið rofinn, þó að þær hafi verið í notkun þar áður og helluborðin séu ennþá heit.

- ▶ Ef tíðar truflanir eiga sér stað skal hafa samband við BORA þjónustuteymið (sjá kaflann um ábyrgð, tækniþjónustu, varahluti og aukahluti) og gefa upp truflunarnúmerið sem birtist sem og tegundagerð tækisins (sjá kaflann um merkisþjöld).

11 Ábyrgð, tækniþjónusta, varahlutir, aukabúnaður

- Fylgja skal öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).

11.1 Framleiðsluábyrgð BORA

BORA veitir endanlegum viðskiptavinum 2 ára framleiðsluábyrgð á vörum sínum. Ábyrgðin er endanlegum viðskiptavinum til viðbótar við lögmæltu ábyrgðarkröfur vegna galla á hendur söluaðilum vara okkar.

Framleiðsluábyrgðin gildir fyrir allar vörur BORA, sem keyptar voru frá viðurkenndum söluaðilum BORA í Evrópusambandinu nema vörur sem BORA hefur merkt sem alhliða eða varahlutir.

Framleiðsluábyrgðin hefst við afhendingu söluaðila BORA á BORA vöru til endanlegs viðskiptavinar og gildir í 2 ár. Endanlegur viðskiptavinur á kost á því að framlengja ábyrgðina í 3 ár með skráningu á www.bora.com.

Framleiðsluábyrgðin gengur út frá faglegri (samkvæmt mælikvörðum BORA loftræstingarinnar á tímamarki uppsetningarinnar og notkunarleiðbeininganna) uppsetningu viðurkennds BORA söluaðila á BORA vörum. Endanlegi viðskiptavinurinn skal fylgja fyrirmælum og ábendingum notkunarleiðbeininganna við notkun.

Til að ábyrgðin taki gildi verður endanlegi viðskiptavinurinn að tilkynna um gallann hjá söluaðila eða beint hjá BORA og sýna fram á sölukvittun frá kaupunum. Einnig getur endanlegi viðskiptavinurinn sýnt fram á kaupin með skráningu á www.bora.com.

BORA ábyrgist að allar BORA vörur séu lausar við efnis- og framleiðslugalla. Gallinn verður að hafa verið til staðar við afhengingu vörunnar til endanlega viðskiptavinarins. Þegar ábyrgðarkrafa er gerð hefst ekki nýr ábyrgðartími. BORA mun annaðhvort gera við BORA vörur eða skipta þeim út ef galli kemur upp. BORA ber allan kostnað við lagfæringu á göllum sem falla undir framleiðsluábyrgðina. Undir framleiðsluábyrgð BORA falla ekki:

- BORA vörur sem ekki voru keyptar hjá viðurkenndum söluaðilum
- Skemmdir af völdum þess að notkunarleiðbeiningunum var ekki fylgt (á einnig um umhirðu og þríf á vörinni). Slíkt felur í sér óviðeigandi notkun.
- Skemmdir af völdum eðlilegs slits, t.d. ummerki um notkun á hellum
- Skemmdir af völdum ytri áhrifa (eins og flutningsskemmdir, þéttivatns, af völdum ytri afla eins og eldinga)

- Skemmdir af völdum viðgerða eða viðgerðatilauna sem ekki eru framkvæmdar af BORA eða aðilum sem BORA hefur veitt heimild til slíks.
- Skemmdir á glerkeramíki
- Spennusveiflur
- Afleiddar skemmdir eða bótakröfur sem ná lengra en gallinn
- Skemmdir á plasthlutum

Lögmæltar kröfur, einkum lögmæltar kröfur vegna galla eða vöruábyrgðar, takmarkast ekki af ábyrgðinni.

Ef galli nær ekki undir framleiðsluábyrgðina getur endanlegi viðskiptavinurinn haft samband við tækniþjónustu BORA á eigin kostnað.

Lög Sambandslýðveldisins Þýskalands gilda um þessa ábyrgðarskilmála.

Hafðu samband:

- Sími: +800 7890 0987 mánudaga til fimmtudaga kl. 08:00 – 18:00 og föstudaga frá kl. 08:00 – 17:00
- Netfang: info@bora.com

11.1.1 Framlenging á ábyrgð

Með því að skrá sig á www.bora.com/registration er hægt að framlengja ábyrgðina.

11.2 Þjónusta

Þjónustudeild BORA:

Sjá baksíðu notkunar- og uppsetningarleiðbeininganna



- Þegar bilanir koma upp sem notandi getur ekki gert við sjálfur skal hafa samband við söluaðila BORA eða þjónustudeild BORA.

Þjónustudeild BORA þarf að fá gerðarheitið og framleiðslunúmer tækisins (FD-númerið).

Báðar upplýsingarnar má finna á næstsíðustu síðunni í notkunarleiðbeiningunum sem og á botni tækisins.

11.3 Varahlutir

- Aðeins má nota upprunalega varahluti við viðgerðir.
- Einungis þjónustudeild BORA má annast viðgerðir.

UPPL.

Varahlutir fást hjá söluaðilum BORA, á þjónustusíðu BORA á slóðinni www.bora.com/service og með því að hringja í þjónustusímann.

11.4 Aukabúnaður

Sérstakur aukabúnaður CKA2:

- BORA Classic loftakstúða CKAED
- BORA Classic fitusúeining ásamt fitusúpönnu CKAFFE

Sérstakur aukabúnaður fyrir hringrásarkerfi:

- BORA lofthreinsikassi flexible ULBF
- BORA lofthreinsikassi Ecotube ULB1
- BORA kolasíusett ULBAS fyrir ULB3

Sérstakur aukabúnaður fyrir glerkeramikhelluborð:

- BORA glerkeramikskafa UGS

Sérstakur aukabúnaður CKIW:

- BORA spanwokpanna HIW1

Sérstakur aukabúnaður CKT:

- BORA Pro Tepan skafa PTTS1

Sérstakur aukabúnaður CKG:

- BORA Gas stútasett jarðgas G25/25 mbar
PKGDS2525
- BORA Gas stútasett jarðgas G20/13 mbar
PKGDS2013
- BORA Gas stútasett jarðgas G20/20 mbar
PKGDS2020
- BORA Gas stútasett jarðgas G25/20 mbar
PKGDS2520
- BORA Gas stútasett jarðgas G20/25 mbar
PKGDS2025
- BORA Gas stútasett fljótandi gas G30/G31 50 mbar
PKGDS3050
- BORA Gas stútasett fljótandi gas G30/G31
28-30 mbar PKGDS3028
- BORA brennarasett PKGBS
- BORA lítill pottaberi PKGTK
- BORA stór pottaberi PKGTG

12 Tegundir merkispjalda

UPPLÝSINGAR Á þessari blaðsíðu getur þú séð nákvæma tegundagerð á því tæki sem sett hefur verið upp hjá þér. Ekki er nauðsynlegt að öll límsvæði séu útbúin merkispjalda.

► Límið við lok uppsetningar það merkispjald sem fylgdi í afhendingunni á eftirfarandi límsvæði:

Tegundagerð
Gufugleypir 1
(vinsamlegast límið á)

Tegundagerð
Helluborð vinstri
(vinsamlegast límið á)

Tegundagerð
Helluborð hægri
(vinsamlegast límið á)

Tegundagerð
Gufugleypir 2
(vinsamlegast límið á)

Tegundagerð
Helluborð vinstri
(vinsamlegast límið á)

Tegundagerð
Helluborð hægri
(vinsamlegast límið á)

Pýskaland:

BORA Lüftungstechnik GmbH
Rosenheimer Str. 33
83064 Raubling
Deutschland
T +49 (0) 8035 / 9840-0
F +49 (0) 8035 / 9840-300
info@bora.com
www.bora.com

Austurríki:

BORA Vertriebs GmbH & Co KG
Innstraße 1
6342 Niederndorf
Österreich
T +43 (0) 5373 / 62250-0
F +43 (0) 5373 / 62250-90
mail@bora.com
www.bora.com

Evrópa:

BORA Holding GmbH
Innstraße 1
6342 Niederndorf
Österreich
T +43 (0) 5373 / 62250-0
F +43 (0) 5373 / 62250-90
mail@bora.com
www.bora.com

Ástralía – Nýja-Sjáland:

BORA APAC Pty Ltd
100 Victoria Road
Drummoyne NSW 2047
Australien
T +61 2 9719 2350
F +61 2 8076 3514
info@boraapac.com.au
www.bora-australia.com.au

